



SKÝRSLA

TIL XVII. LANDSPINGS
SAMBANDS ÍSLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Akureyri 25. – 27. september 2002

SKÝRSLA

TIL XVII. LANDSPINGS SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Akureyri 25. – 27. september 2002



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Hönnun og umbrot: Sigríður Bragadóttir og Ingvar Víkingsson
Prentun: Svansprent

Samband íslenskra sveitarfélaga
9 / 2002

Efnisyfirlit

Inngangur	5
XVI. landsþing sambandsins	6
Fulltrúaráð sambandsins	10
Stjórn sambandsins	15
Einstök verkefni	18
Launanefnd sveitarfélaga	26
Ráðstefnur, fundir og námskeið	28
Innlent samstarf	34
Erlend samskipti	37
Breytingar á starfsemi sambandsins	41
Starfsmenn sambandsins	44
Ársreikningar sambandsins 1998-2001	46

Inngangur

Á undanförunum landsþingum Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur skapast sú hefð að lögð er fram skýrsla um starfsemi sambandsins frá síðasta landsþingi.

Á síðasta kjörtímabili hafa verið gefnar út fjórar skýrslur um starfsemi sambandsins og hafa þær verið lagðar fram á fulltrúaráðsfundum fyrri hluta árs síðastliðin fjögur ár. Þar hefur verið fjallað um einstaka þætti starfseminnar með ítarlegum hætti. Þessar skýrslur hafa verið sendar öllum sveitarfélögum og ýmsum aðilum öðrum. Af þeirri ástæðu þykir óþarft að endurbirta efni þeirra í þessari skýrslu til landsþingsins. Því er hér í styttra máli fjallað um helstu þætti í starfsemi sambandsins á liðnu kjörtímabili ásamt því að birt er yfirlit ársreikninga sambandsins 1998-2001, eins og ráð er fyrir gert í lögum þess.

Nánari upplýsingar um starfsemi sambandsins má svo fá á upplýsinga- og samskiptavef þess, www.samband.is, en þar er hægt að nálgast fundargerðir stjórnar, fulltrúaráðs og síðasta landsþings auk fundargerða Launanevndar sveitarfélaga, stjórnar Hafnasambands sveitarfélaga, stýrihóps Staðardagskrár 21 o.fl. nefnda og stjórna sem starfa á vegum sambandsins. Á heimasíðunni eru einnig birtar velflestar ræður og erindi sem flutt eru á ráðstefnum og fundum sem sambandið hefur staðið að. Aðgengi er gott að öllum helstu upplýsingum um starfsemi sambandsins frá einum tíma til annars á upplýsinga- og samskiptavefnum auk þess sem starfsmenn sambandsins eru ætíð reiðubúnir til þess að veita upplýsingar um starfsemina þegar eftir er leitað.

XVI. landsþing sambandsins 1998

Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga er haldið á fjögurra ára fresti, að jafnaði í september næst eftir almennar sveitarstjórnarkosningar, eins og segir í lögum sambandsins. XVI. landsþing sambandsins var haldið á Akureyri dagana 26. - 28. ágúst 1998. Landsþingið sóttu 163 kjörnir fulltrúar frá 100 sveitarfélögum af 124 en seturétt á þinginu áttu 186 fulltrúar. Þá sátu þingið fyrrverandi formenn sambandsins og aðrir sem seturétt eiga á landsþingi samkvæmt lögum sambandsins auk innlendra og erlendra gesta og fyrirlesara. Samtals sóttu þingið um 230 manns.

Á þinginu fóru fram pallborðsumræður um efnið Sveitarfélögin á tíma-
mótum - framtíðarsýn. Í umræðunum ræddu menn og skiptust á skoðunum um sameiningu sveitarfélaga og árangur hennar, yfirfærslu verkefna frá ríki til sveitarfélaga, þjónustu við smærri byggðarlög í sameinuðum sveitarfélögum og um nafngiftir sveitarfélaga.

Landsþingið samþykkti nokkrar breytingar á lögum sambandsins, m.a. var fjölgað í fulltrúaráði þess og samþykkt var ákvæði þess efnis að stjórn sambandsins skuli kosin úr hópi fulltrúaráðsmanna. Þá var einnig samþykkt að fundir fulltrúaráðsins skuli vera tveir á ári.

Landsþingið ályktaði m.a. um ný sveitarstjórnarlög, sameiningu sveitarfélaga og yfirtöku grunnskólans sem þá var að baki og um enn frekari breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga með flutningi málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga, um launa- og kjaramál og stofnun lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, um byggðamál, húsnaðismál og fleira.

Ályktanir XVI. landsþings sambandsins eru aðgengilegar í heild sinni á heimasíðu þess og eru þar birtar í fundargerð þingsins.

Helstu ályktanir 16. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga

Grunnskólamál

Í ályktun um grunnskólamál segir m.a. að landsþingið telji að rekstur og uppbygging grunnskólans sé eitt mikilvægasta verkefni sveitarfélaga enda séu fræðslumálin orðin langstærsti málaflokkur þeirra.

Landsþingið bendir á að umtalsverðar breytingar til batnaðar hafi orðið á grunnskólahlaldi í landinu eftir yfirtöku sveitarfélaganna á öllum rekstri grunnskólans. Sveitarfélög leggi metnað sinn í að sinna þörfum grunnskólans sem allra best og víðast hefur kennsla verið bæði aukin og bætt. Landsþingið

segir það ljóst að auknar kröfur um að efla ýmsa þætti í starfi grunnskólans og nýjar áherslur kalla á aukinn kostnað. Því þurfi að fara vandlega yfir kostnaðarþætti samnings ríkis og sveitarfélaga um yfirtöku grunnskólans við endurskoðun hans árið 2000.

Pá er í ályktuninni fjallað um símenntun kennara og skorað á ríkisvaldið að auka framboð á kennaramenntun um land allt. Fullyrt er í ályktuninni að fjöldi nýútskrifaðra kennara nægi hvorki til að veða á móti fækkun þeirra sem hætta vegna aldurs né fjölgun stöðugilda vegna einsetningar grunnskóla.

Í lok ályktunarinnar lýsir landsþingið ánægju með metnað sveitarstjórna varðandi grunnskólann og leggur áherslu á mikilvægi góðrar menntunar fyrir íslenskt samfélag.

Ný sveitarstjórnarlög

Í ályktun um ný sveitarstjórnarlög er m.a. fjallað um umræðu sem fram fór í aðdraganda setningar laganna um skiptingu alls landsins í sveitarfélög og stjórnýslu þeirra. Landsþingið taldi afar brýnt að taka af skarið um það að allt landið skiptist í sveitarfélög en ekki einungis byggðin og afréttarlönd og áréttaði þingið að skipting landsins í sveitarfélög næði aðeins til stjórnýslu-þáttarins og snerti ekki eignarhald á landi.

Með skýrum ákvæðum um að allt land falli undir stjórnýslu sveitarfélaga og ákvæðum laga um eignarhald og nýtingu lands í lögum um þjóðlendur er betur en nokkru sinni fyrr tryggt að öll stjórnýsla á hálendinu verði í samræmi við lög og reglur.

Pá fagnar landsþingið ákvæðum laganna um nafngiftir sveitarfélaga, þar sem fram kemur að sveitarstjórn ákveði nafn sveitarfélags að fenginni umsögn örnefnanefndar.

Landsþingið telur að ákvæði nýrra sveitarstjórnarlaga leiði til skilvirkari stjórnýslu í landinu öllu auk þess sem þau skilgreini betur en verið hefur ábyrgð sveitarstjórnarmanna og réttindi og skyldur íbúanna. Í lok ályktunarinnar segir að fjármálakafli laganna sé einnig skýrari en áður og stuðli að betri fjármálastjórn og gleggri reikningskilum.

Sameining sveitarfélaga

Í ályktun um sameiningu sveitarfélaga vekur landsþingið athygli á þeim þáttaskilum sem orðið hefðu í sameiningu sveitarfélaga á kjörtímabilinu 1994-1998. Frá 1990 fækkaði sveitarfélögum úr 204 í 124, þar af um 47 á kjörtímabilinu 1994-1998. Í flestum tilfellum hefði sameiningin verið ákveðin í lýðræðislegri atkvæðagreiðslu í hverju sveitarfélagi um sig. Það vinnulag

sé í samræmi við ályktun 15. landsþings sambandsins um að unnið skyldi að sameiningu sveitarfélaga með þeim hætti að undirbúningur og framkvæmd væri í höndum heimamanna sjálfra.

Landsþingið hvatti til þess að áfram yrði unnið að sameiningu sveitarfélaga og taldi að það væri hlutverk sveitarstjórnarmanna að hafa frumkvæði þar um með skipulegum hætti. Náist ekki viðundandi árangur í sameiningu sveitarfélaga á kjörtímabilinu 1998-2002 sé mikilvægt að fulltrúar ríkis og sveitarfélaga fjalli um aðrar leiðir í sameiningarmálum sveitarfélaga en farnar hefðu verið til þessa segir í lok ályktunarinnar.

Yfirtaka á málefnum fatlaðra

Í ályktun um yfirtöku sveitarfélaga á málefnum fatlaðra segir að landsþingið telji rétt að fela sveitarfélögum að annast málefni fatlaðra og vinni eigi áfram að undirbúningi þess. Landsþingið setti skilyrði fyrir yfirtöku verkefnisins:

1. Að fullt samkomulag náist milli ríkis og sveitarfélaga um flutning verkefna og tekjustofna til sveitarfélaga til að standa undir öllum þeim aukakostnaði er yfirtökunni fylgir þannig að þjónusta við fatlaða verði tryggð. Tryggja verður með jöfnunaraðgerðum að tekjustofnar vegna verkefnisins fari til sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við umfang verkefnisins á hverju svæði eða í einstöku sveitarfélagi.
2. Að um yfirfærsluna náist góð samstaða milli ráðuneyta sem málinu tengjast, sveitarfélaga, starfsmanna og félagasamtaka sem gegna þýðingarmiklu hlutverki á sviði málefna fatlaðra.
3. Að samstaða náist milli sveitarfélaga á tilteknum þjónustusvæðum um byggingu og rekstur einstakra þjónustupátta sem ekki er grundvöllur til þess að færa til einstakra sveitarfélaga.
4. Að fjármögnun stofnframkvæmda verði tryggð.

Umhverfismál

Í ályktun 16. landsþings sambandsins um umhverfismál segir að úrlausnir í umhverfismálum séu meðal brýnustu verkefna sveitarfélaga á nýrri öld. Umhverfismálin séu sívaxandi málaflokkur og ljóst að sveitarfélögin gegni sífellt stærra hlutverki hvað varðar áætlanir og aðgerðir til verndar umhverfinu. Landsþingið telur afar brýnt að sveitarfélögin efli sem mest má vera fræðslu um umhverfismál til almennings og ekki síst yngstu kynslóðarinnar í gegnum skólakerfið.

Landsþingið hvetur sveitarfélög til áframhaldandi átaks í umhverfis- og

náttúruverndarmálum og leggur áherslu á að það verði gert í samstarfi við atvinnulífið, félagasamtök, stofnanir og íbúa sveitarfélaganna. Skorað er á sveitarfélög að vinna framkvæmdaáætlanir í umhverfismálum með hliðsjón af þeirri stefnumörkun er fram kemur í Dagskrá 21 sem samþykkt var á Ríóráðstefnunni 1992.

Byggðamál

Í ályktun landsþingsins um byggðamál er lögð áhersla á að sveitarstjórnarmenn verði virkir þátttakendur í því að marka framtíðarstefnu í byggðamálum og hrinda henni í framkvæmd. Frumkvæði, forysta og ábyrgð þarf í auknum mæli að færast í hendur heimamanna.

Þá segir í ályktuninni að afar mikilvægt sé að breið samstaða náist um markmið og leiðir í atvinnuuppbyggingu, menntamálum, samgöngumálum, nýtingu náttúruauðlinda og landnýtingu í byggð og á hálendinu.

Landsþingið beinir því til ríkis og sveitarfélaga að vinna markvisst að því að skapa sátt um byggðarþróun milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar og áréttar að stjórn Sambands íslenskra sveitarélaga hafi forgöngu í því máli.

Þá segir í ályktuninni að landsþingið telji að í ljósi íbúapróunar á síðustu árum, mikillar fólksfjölgunar á höfuðborgarsvæðinu og íbúafækkunar í öðrum landshlutum sé nauðsynlegt að líta til skipulags ríkisstarfseminnar og áhrifa hennar á íbúapróunina. Þingið minnir á að greiðari samgöngur og fjarskipti eiga stóran þátt í að efla atvinnulíf og bæta búsetuskilyrði í hinum dreifðu byggðum. Ríkisvaldið hefur afgerandi áhrif á þessa þætti og hefur ýmsa möguleika til að draga úr aðstöðumun fólks eftir búsetu. Sérstaklega verði hugað að þáttum eins og jöfnun orkuverðs og menntunarkostnaði. Efling sveitarstjórnarstigsins og aukin valddreifing með flutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga á sinn þátt í að styrkja byggðina.

Í lok ályktunarinnar segir að stefnt verði að því að nýjum opinberum stofnunum verði valinn staður á landsbyggðinni.

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga

Landsþing sambandsins samþykkti að áfram yrði unnið að flutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga með það að markmiði að gera verkaskiptinguna á sem flestum sviðum skýrari og einfaldari.

Þá segir að markmið sveitarfélaganna í þessum efnum sé eitt og hið sama, að færa þjónustuna nær íbúum sínum.

Fulltrúaráð sambandsins

Í fulltrúaráði sambandsins sitja 55 menn samkvæmt gildandi lögum sambandsins. Fulltrúarráðsmenn koma úr öllum kjördæmum landsins, úr Vesturlandskjördæmi, Vestfjarðakjördæmi, Norðurlandskjördæmi vestra, Austurlandskjördæmi og Suðurlandskjördæmi koma fimm fulltrúar úr hverju, sex fulltrúar úr Norðurlandskjördæmi eystra, tíu úr Reykjaneskjördæmi og 14 úr Reykjavíkurborgkjördæmi.

Frá því að fulltrúaráðið var kosið á landsþinginu í ágúst 1998 hafa orðið á því nokkrar breytingar.

Á 56. fundi fulltrúaráðsins í apríl 1999 var Guðlaugur Þór Þórðarson borgarfulltrúi kosinn aðalmaður í staðinn fyrir Árna Sigfússon sem hafði afsalað sér sæti sínu sem borgarfulltrúi í Reykjavík. Snorri Hjaltason varaborgarfulltrúi var kosinn varamaður í fulltrúaráðið í stað Guðlaugs Þórs sem verið hafði varamaður Árna.

Á 57. fundinum sem haldinn var í nóvember 2000 var Hrannar B. Arnarson, borgarfulltrúi í Reykjavík, kosinn aðalfulltrúi í stað Guðrúnar Ágústsdóttur borgarfulltrúa og Kristín Blöndal varaborgarfulltrúi varafulltrúi í stað hans.

Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri í Stykkishólmsbæ, var kosinn í fulltrúaráðið fyrir Vesturland í stað Ólafs Hilmars Sverrissonar, sem látið hafði af starfi sem bæjarstjóri.

Kolfinna Þóra Jóhannesdóttir, bæjarfulltrúi í Borgarbyggð, var kosin í stað Guðmundar Guðmarssonar, bæjarfulltrúa í Borgarbyggð, og Ríkharð Brynjólfsson, oddviti Borgarfjarðarsveitar, í stað Þóris Jónssonar, hreppsnefndarmanns í Borgarfjarðarsveit.

Sem varamenn fyrir Vesturlandskjördæmi voru kosin Guðrún Fjeldsted, bæjarfulltrúi í Borgarbyggð, í stað Óla Jóns Gunnarssonar, og Þórunn Gestsdóttir, sveitarstjóri Borgarfjarðarsveitar, í stað Ríkharðs Brynjólfssonar sem varð aðalmaður.

Jóhannes Sigfússon, oddviti Svalbarðshrepps, var kosinn aðalmaður fyrir Norðurlandskjördæmi eystra í stað Gunnlaugs A. Júlíussonar, sem látið hafði af starfi sem sveitarstjóri Raufarhafnarhrepps.

Sem varamenn úr Norðurlandskjördæmi eystra voru kjörnir Jakob Björnsson, bæjarfulltrúi á Akureyri, í stað Sigfríðar Þorsteinsdóttur, bæjarfulltrúa á Akureyri, og Ásgeir Logi Ásgeirsson, bæjarstjóri í Ólafsfjarðarkaupstað, í stað Hálfðáns Kristjánssonar, sem látið hafði af starfi bæjarstjóra þar.

Þá var Guðný H. Björnsdóttir, oddviti Kelduneshrepps, kosin í fulltrúaráð-

ið í stað Ísaks J. Ólafssonar, sem látið hafði af starfi sem sveitarstjóri Þórs-
hafnarhrepps.

Á 59. fundi fulltrúaráðsins í nóvember 2000 voru enn gerðar þrjár breyt-
ingar á fulltrúaráðinu:

Ólafur Sigmarsson, hreppsnefndarmaður í Vopnafjarðarhreppi, var kosinn
aðalmaður í fulltrúaráðið fyrir Austurland í stað Brodda B. Bjarnasonar, bæj-
arfulltrúa í Austur-Héraði, sem misst hafði umboð sitt sem kjörinn sveitar-
stjórnarmaður. Katrín Ásgrímsdóttir, bæjarfulltrúi í Austur-Héraði, var kosin
varafulltrúi í fulltrúaráðið fyrir Austurland í stað Ólafs Sigmarssonar sem kos-
inn hafði verið sem aðalfulltrúi, en hann hafði verið varafulltrúi Brodda í
fulltrúaráðinu.

Loks var Sigrún Elsa Smáradóttir, varaborgarfulltrúi í Reykjavík, kosin
varafulltrúi fyrir Reykjavíkurborg í fulltrúaráðið í stað Halldóru Vöndu Sigur-
geirsdóttur, sem látið hafði af störfum sem varaborgarfulltrúi.

Á 61. fundi fulltrúaráðs sem haldinn var í Reykjavík 23. nóvember 2001
afsalaði Sigurður R. Ólafsson, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ, sér sæti sínu í full-
trúaráði og í stjórn sambandsins. Hafði hann einnig látið af störfum sem bæj-
arfulltrúi í Ísafjarðarbæ vegna brottflutnings úr sveitarfélaginu.

Í staðinn fyrir Sigurð var Lárus G. Valdimarsson, bæjarfulltrúi í Ísafjarðar-
bæ, kosinn í fulltrúaráð og í stjórn sambandsins.

Eftir framangreindar breytingar var fulltrúaráðið þannig skipað á síðasta
fundi þess í mars 2002:

Fráfarandi fulltrúaráð sambandsins

Reykjavíkurborgardæmi:

Aðalmenn:

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir
Helgi Hjörvar
Sigrún Magnúsdóttir
Hrannar B. Arnarsson
Steinunn V. Óskarsdóttir
Alfreð Þorsteinsson
Helgi Pétursson
Helga Jónsdóttir
Guðlaugur Þór Þórðarson
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson
Inga Jóna Þórðardóttir
Júlíus Vífill Ingvarsson
Jóna Gróa Sigurðardóttir
Ólafur F. Magnússon

Varamenn:

Pétur Jónsson
Anna Geirsdóttir
Árni Þór Sigurðsson
Kristín Blöndal
Guðrún Jónsdóttir
Guðrún Erla Geirsdóttir
Sigrún Elsa Smáradóttir
Gunnar Eydal
Snorri Hjaltason
Kjartan Magnússon
Guðrún Pétursdóttir
Eypór Arnalds
Kristján Guðmundsson
Bryndís Þórðardóttir

Reykjaneskjördæmi:

Aðalmenn:

Sigurgeir Sigurðsson, Seltjarnarneskaupstað
Pröstur Karlsson, Mosfellsbæ
Bragi Michaelsson, Kópavogsbæ
Sigrún Jónsdóttir, Kópavogsbæ
Ingimundur Sigurpálsson, Garðabæ
Magnús Gunnarsson, Hafnarfjarðarkaupstað
Ingvar Viktorsson, Hafnarfjarðarkaupstað
Jónína A. Sanders, Reykjanesbæ
Jóhann Geirdal, Reykjanesbæ
Sigurbjörg Eiríksdóttir, Sandgerðisbæ

Vesturlandskjördæmi:

Aðalmenn:

Óli Jón Gunnarsson, Stykkishólmsbæ
Kolfinna Jóhannesdóttir, Borgarbyggð
Inga Sigurðardóttir, Akraneskaupstað
Gunnar Sigurðsson, Akraneskaupstað
Ríkharð Brynjólfsson, Borgarfjarðarsveit

Vestfjarðakjördæmi:

Aðalmenn:

Lárus G. Valdimarsson, Ísafjarðarbæ
Guðni Jóhannesson, Ísafjarðarbæ
Ólafur Kristjánsson, Bolungarvíkurkaupstað
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Reykhólahreppi
Björgvin Sigurjónsson, Tálknafjarðarhreppi

Norðurlandskjördæmi vestra:

Aðalmenn:

Valgarður Hilmarsson, Engihlíðarhreppi
Guðmundur H. Sigurðsson, Húnaþingi vestra
Gísli Gunnarsson, Sveitarfélaginu Skagafirði
Herdís Á. Sæmundardóttir, Sveitarfél. Skagafirði
Skarphéðinn Guðmundsson, Siglufjarðarkaupstað

Norðurlandskjördæmi eystra:

Aðalmenn:

Kristján Þór Júlíusson, Akureyrarkaupstað
Ásta Sigurðardóttir, Akureyrarkaupstað
Reinhard Reynisson, Húsavíkurkaupstað
Katrín Sigurjónsdóttir, Dalvíkurbyggð
Guðný Sverrisdóttir, Grýtubakkahreppi
Jóhannes Sigfússon, Svalbarðshreppi

Austurlandskjördæmi:

Aðalmenn:

Guðmundur Bjarnason, Fjarðabyggð
Ólafur Sigmarsson, Vopnafjarðarhreppi
Sigurlaug Gissurardóttir, Sveitarf. Hornafirði
Soffía Lárusdóttir, Austur-Héraði
Ólafur Áki Ragnarsson, Djúpavogshreppi

Varamenn:

Guðmundur G. Gunnarsson, Bessastaðahreppi
Helga Thoroddsen, Mosfellsbæ
Halla Halldórsdóttir, Kópavogsbæ
Flosi Eiríksson, Kópavogsbæ
Laufey Jóhannsdóttir, Garðabæ
Valgerður Sigurðardóttir, Hafnarfjarðarkaupstað
Lúðvík Geirsson, Hafnarfjarðarkaupstað
Björk Guðjónsdóttir, Reykjanesbæ
Skúli Skúlason, Reykjanesbæ
Jóhanna Reynisdóttir, Vatnsleysustrandarhreppi

Varamenn:

Sigríður Finsen, Eyrarsveit
Guðrún Fjeldsted, Borgarbyggð
Guðmundur Páll Jónsson, Akraneskaupstað
Sigurður Rúnar Friðjónsson, Dalabyggð
Þórunn Gestsdóttir, Borgarfjarðarsveit

Varamenn:

Ragnheiður Hákonardóttir, Ísafjarðarbæ
Þorsteinn Jóhannesson, Ísafjarðarbæ
Salvar Baldursson, Súðavíkurhreppi
Þór Örn Jónsson, Hól mavíkurhreppi
Haukur Már Sigurðarson, Vesturbyggð

Varamenn:

Skúli Þórðarson, Blönduósbæ
Elín Línal, Húnaþingi vestra
Páll Kolbeinsson, Sveitarfélaginu Skagafirði
Ingibjörg H. Hafstað, Sveitarfél. Skagafirði
Ólöf Kristjánsdóttir, Siglufjarðarkaupstað

Varamenn:

Villborg Gunnarsdóttir, Akureyrarkaupstað
Jakob Björnsson, Akureyrarkaupstað
Sigbjörn Gunnarsson, Skútustaðahreppi
Ásgeir Logi Ásgeirsson, Ólafsfjarðarbæ
Helga Erlingsdóttir, Ljósavatnshreppi
Guðný H. Björnsdóttir, Kelduneshreppi

Varamenn:

Elísabet Benediktsdóttir, Fjarðabyggð
Katrín Ásgrímsdóttir, Austur-Héraði
Þóra Kristjánsdóttir, Búðahreppi
Ólafía Stefánsdóttir, Seyðisfjarðarkaupstað
Katrín Ásgeirsdóttir, Norður-Héraði

Suðurlandskjördæmi:

Aðalmenn:

Guðjón Hjörleifsson, Vestmannaeyjakaupstað

Sigríður Ólafsdóttir, Sveitarfélaginu Árborg

Helga Þorbergsdóttir, Mýrdalshreppi

Jónas Jónsson, Ásahreppi

Sveinn A. Sæland, Biskupstungnahreppi

Varamenn:

Þorgerður Jóhannsdóttir, Vestmannaeyjakaupstað

Kristján Einarsson, Sveitarfélaginu Árborg

Aldís Hafsteinsdóttir, Hveragerðisbæ

Heimir Hafsteinsson, Djúpárhreppi

Hjörleifur Brynjólfsson, Sveitarfélaginu

Ölfusi

Fundir fulltrúaráðsins

Fulltrúaráðið hefur haldið átta fundi á kjörtímabilinu og er það í samræmi við breytingar sem gerðar voru á lögum sambandsins á XVI. landsþingi þess í ágúst 1998 þar sem kveðið var á um að fulltrúaráðið kæmi saman tvisvar á ári. Fundirnir hafa flestir verið haldnir í Reykjavík en 60. fundur fulltrúaráðsins var haldinn í Reykholti í Borgarfirði í mars 2000 og 62. fundur var haldinn í Hveragerði í mars 2002.

Fulltrúaráðið fer með yfirstjórn sambandsins milli landsþinga og á fundum þess er fjallað um þau mál sem efst eru á baugi hverju sinni.

55. fundur fulltrúaráðs

Á 55. fundi fulltrúaráðsins í nóvember 1998 var m.a. fjallað um áherslur í starfi stjórnar sambandsins, fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga og um stöðu og framtíð Launanevndar sveitarfélaga. Á fundinum var samþykkt ályktun um endurskoðun á tekjustofnum sveitarfélaga og lögbundnum verkefnum þeirra.

56. fundur fulltrúaráðs

Á 56. fundinum í apríl 1999 var m.a. rætt um tekjustofna sveitarfélaga, mál efni grunnskólans, fráveitur og Íbúðalánasjóð og gerðar ályktanir um þau mál.

57. fundur fulltrúaráðs

Á 57. fundinum í nóvember 1999 var sérstaklega fjallað um byggðamál og þrjú framsöguerindi flutt um þau. Á báðum fundunum 1999 var gerð grein fyrir tillögum um breytingar á bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga sem verið höfðu til umfjöllunar í bókhaldsnefnd sambandsins.

58. fundur fulltrúaráðs

Á 58. fundinum í mars 2000, sem haldinn var í Reykholti í Borgarfirði, var m.a. fjallað um flutning málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga og endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga. Þá var fjallað um endurmat á kostnaði og tekjum vegna flutnings grunnskólans, hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og stefnumörkun Launanevndar sveitarfélaga. Jafnframt var gerð grein fyrir störfum framtíðarnefndar sambandsins.

59. fundur fulltrúaráðs

Á 59. fundi fulltrúaráðsins í nóvember 2000 var fjallað áfram um fyrirhugaða yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga og gerð ítarleg grein fyrir því viðamikla verkefni. Þá var á fundinum rætt um undanþágur frá greiðslu fasteignaskatts og breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarélaga.

60. fundur fulltrúaráðs

Á 60. fundinum í mars 2001 var enn gerð grein fyrir flutningi málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga og stöðu málsins og samþykkt ályktun þar sem m.a. var staðfestur vilji sveitarfélaganna til að taka við málefnum fatlaðra 1. janúar 2003 að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þá var fjallað um störf byggðanefndar sambandsins og gerð grein fyrir tillögum framtíðarnefndar um skipulag og verkefni sambandsins.

61. fundur fulltrúaráðs

Á 61. fundinum var gerð grein fyrir breytingum sem stjórnin hafði samþykkt á skipulagi sambandsins, lögð fram starfsáætlun og fjárhagsáætlun fyrir árið 2002 ásamt rammafjárhagsáætlun 2003-2005. Fjallað var um framkvæmd laga um reynslusveitarfélög og framhald reynsluverkefna, greint frá störfum fráveitunefndar og fráveituframkvæmdum sveitarfélaga og gerð grein fyrir fjárstuðningi við sveitarfélög vegna bruna- og mengunarslysavarna. Þá fór fram á fundinum kynning á störfum nefndar um aukinn hlut kvenna í stjórn málum og iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, fjallaði um byggðamál. Tillögur byggðanefndar sambandsins komu til umfjöllunar fulltrúaráðsins, en tillögunum var vísað til meðferðar í stjórn sambandsins og síðan til frekari umfjöllunar á næsta fundi fulltrúaráðsins.

62. fundur fulltrúaráðs

Á 62. öðrum fundi fulltrúaráðsins, sem haldinn var í Hveragerði og þeim síðasta á kjörtímabilinu, var fjallað ítarlega um byggðamál og tillögur byggða-

nefndar sambandsins. Á fundinum náðist góð samstaða um málið og samþykkt var samhljóða stefnumörkun sambandsins í byggðamálum. Á fundinum var jafnframt greint frá störfum vinnuhóps sem stjórnin hafði skipað til þess að leggja mat á hvaða áhrif fjölgun einkahlutafélaga hefði á útsvarstekjur sveitarfélaga. Þá var fjallað um stöðu ýmissa samskiptamála ríkis og sveitarfélaga, nám fyrir sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga og hugmyndir um breytingar á lögum sambandsins.

Stjórn sambandsins

Landsþing sambandsins kýs stjórn sambandsins samkvæmt lögum þess. Í gildandi lögum sambandsins er kveðið á um að stjórn þess sé skipuð níu mönnum. Tveir eru kjörnir úr Reykjavík og einn úr hverju hinna kjördæmanna sjö. Tiltekinn varamaður er kjörinn fyrir hvern aðalmann.

Á XVI. landsþingi sambandsins sem haldið var á Akureyri í ágúst 1998 var Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson kjörinn formaður stjórnar sambandsins til fjögurra ára og á þriðja fundi fráfarandi stjórnar var Guðmundur Bjarnason kjörinn varaformaður stjórnarinnar út kjörtímabilið.

Á stjórn sambandsins sem kosin var á XVI. landsþingi 1998 hafa orðið eftirfarandi breytingar:

Á 57. fundi fulltrúaráðsins sem haldinn var 27. nóvember 1999 var Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri í Stykkishólmsbæ, kosinn í stjórn sambandsins í stað Ólafs Hilmars Sverrissonar og sem varafulltrúi Óla Jóns var kosin Kolfinna Þóra Jóhannesdóttir, bæjarfulltrúi í Borgarbyggð, í stað Guðmundar Guðmarssonar, bæjarfulltrúa í Borgarbyggð, sem misst hafði kjörgengi sitt. Þá var Árni Þór Sigurðsson borgarfulltrúi kosinn varamaður í stjórn í stað Guðrúnar Ágústsdóttur borgarfulltrúa sem hafði beðist lausnar frá setu í borgarstjórn.

Á 59. fundi fulltrúaráðsins í nóvember 2000 var Ólafur Sigmarsson, hreppsnefndarmaður í Vopanfjarðarhreppi, kosinn varamaður í stjórn í sambandsins fyrir Austurland í stað Brodda B. Bjarnasonar, bæjarfulltrúa í Austur-Héraði, sem misst hafði kjörgengi sitt og á 61. fundi fulltrúaráðsins í nóvember 2001 afsalaði Sigurður R. Ólafsson, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ, sér sæti sínu í stjórn sambandsins þar sem hann hafði misst kjörgengi sitt við flutning úr sveitarfélaginu. Í hans stað var Lárus G. Valdimarsson, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ, kosinn í stjórnina. Að teknu tilliti til þessara breytinga er stjórn sambandsins þannig skipuð við lok kjörtímabils hennar:

Fráfarandi stjórn sambandsins

Aðalmenn:

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarfulltrúi, Reykjavík
Sigrún Magnúsdóttir borgarfulltrúi, Reykjavík
Jónína A. Sanders bæjarfulltrúi, Reykjanesbæ
Óli Jón Gunnarsson bæjarstjóri, Stykkishólmsbæ

Lárus G. Valdimarsson bæjarfulltrúi, Ísafjarðarbæ

Valgarður Hilmarsson oddviti, Engihlíðarhreppi

Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri, Akureyrarkaupstað

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri, Fjarðabyggð

Sigríður Ólafsdóttir bæjarfulltrúi, Sveitarfél. Árborg

Varamenn:

Júlíus Vífill Ingvarsson borgarfulltrúi, Reykjavík

Árni Þór Sigurðsson borgarfulltrúi, Reykjavík

Sigrún Jónsdóttir bæjarfulltrúi, Kópavogsbæ

Kolfinna Þóra Jóhannesdóttir bæjarfulltrúi,

Borgarbyggð

Þorsteinn Jóhannesson varabæjarfulltrúi,

Ísafjarðarbæ

Gísli Gunnarsson sveitarstjórnarmaður,

Sveitarfél. Skagafirði

Reinhard Reynisson bæjarstjóri,

Húsavíkarkaupstað

Ólafur Sigmarsson hreppsnefndarmaður,

Vopnafjarðarhreppi

Jónas Jónsson oddviti, Ásahreppi

Fundir stjórnarinnar

Stjórnin hefur haldið 52 fundi á kjörtímabilinu eða 13 að jafnaði á ári, auk fjögurra funda með forsvarsmönnum landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Flestir varamenn í stjórn sambandsins hafa setið einn eða fleiri stjórnarfundu í forföllum aðalmanna á kjörtímabilinu.

Til stjórnarinnar berast árlega fjöldamörg erindi frá Alþingi, ráðuneytum, sveitarfélögum, landshlutasamtökum sveitarfélaga, stofnunum ríkis og sveitarfélaga, félagasamtökum og einstaklingum. Um 1450 mál hafa verið færð til bókar á fundum stjórnarinnar. Sum mál hafa verið til umfjöllunar á fleiri fundum en einum.

Á kjörtímabilinu hélt stjórnin fjóra fundu utan höfuðborgarsvæðisins. Í júní 1999 var haldinn stjórnarfundur á Ísafirði og á Höfn í Hornafirði í október 2001. Í september 2002 hélt stjórnin fund á Akranesi. Síðasti fundur fráfarandi stjórnar sambandsins var haldinn á Akureyri í september 2002 þar sem m.a. var fjallað um undirbúning XVII. landsþings sambandsins 25.-27. september 2002.

Í tengslum við þessa fundu átti stjórnin fundu með heimamönnum, sveitarstjórnarmönnum og starfsmönnum sveitarfélaga og heimsótti stofnanir og fyrirtæki.

Þá fór stjórnin í kynnisferðir um Reykjavíkurborg í september 1998 og um Kópavogsbæ í tengslum við stjórnarfundu sem haldinn var í Kópavogi í apríl 2000. Stjórnin fundaði í Mosfellsbæ í október 2000 og átti þar fundu með

framkvæmdastjórum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu þar sem rætt var um samskipti ríkis og sveitarfélaga.

Færst hefur í vöxt að einstakir stjórnarmenn sem ekki geta sótt stjórnarfundum vegna anna heima fyrir eða vegna samgönguferfiðleika á veturnum taki þátt í fundum stjórnarinnar gegnum fjarfundabúnað. Sambandið festi kaup á slíkum búnaði á fyrri hluta árs 2001 og var hann settur upp í fundaherbergi stjórnar sambandsins. Búnaðurinn hefur einnig verið notaður á fundum Launaneftdar sveitarfélaga og ráðuneyti og aðrar opinberar stofnanir hafa fengið afnot af honum.

Samráð við ríkisstjórnina

Á kjörtímabilinu hefur stjórn sambandsins átt árlega samráðsfundi með fulltrúum ríkisstjórnarinnar og embættismönnum úr stjórnarráðinu. Frá upphafi eru þessir samráðsfundir orðnir 24 að tölu.

Fundir þessir eru haldnir samkvæmt samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga en hann var endurnýjaður á 21. samráðsfundi 14. desember 1998. Í sáttmálanum er kveðið á um „að ríkið og sveitarfélögin samræmi, eftir því sem kostur er, stefnu sína í opinberum rekstri með það fyrir augum, að unnt verði að ná þeim efnahagsmarkmiðum, sem ríkisstjórn og Alþingi ákvarða á hverjum tíma“. Til þess að auðvelda þessa samræmingu eru aðilar sammála um mikilvægi formlegs samstarfs milli aðila.

Á samráðsfundum hefur verið fjallað um þau mál sem hafa verið efst á baugi hverju sinni. Formaður sambandsins, félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra hafa flutt inngangserindi á fundunum og aðrir ráðherrar, stjórnarmenn sambandsins og starfsmenn þess og einstakra ráðuneyta hafa gert grein fyrir einstökum málum eða tekið þátt í umræðum.

Samstarfssáttmálinn gildir til ársloka 2002 en gert er ráð fyrir því að aðilar hans hefji viðræður um endurnýjun hans fyrir októberlok 2002.

Ýmis mál

Samskipti ríkis og sveitarfélaga

Hinn 30. október 1998 kom út skýrsla starfshóps, sem stjórn sambandsins skipaði, til að taka saman yfirlit yfir þróun fjárhagslegra samskipta ríkis og sveitarfélaga. Athugun nefndarinnar var ítarleg og tók til áraanna 1990 til 1997. Skýrslan var tekin til umfjöllunar í stjórn sambandsins og á fulltrúaráðsfundi þess í nóvember 1998. Á þeim fundi var þeim tilmælum beint til félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra að skipuð yrði nefnd fulltrúa ríkis og sveitarfélaga með það að markmiði að efla og breikka tekjustofna þeirra. Fulltrúaráðið lagði til að nefndinni yrði sérstaklega falið að leggja fram tillögur sem miði að því að tekjustofnar sveitarfélaga séu í samræmi við þau verkefni sem þeim er lögskilyt að sinna. Einnig að stefnt skyldi að því að sveitarfélögin hafi sjálfstæða tekjustofna og sjálfsforræði um nýtingu þeirra og að verkaskipting ríkis og sveitarfélaga sé sem skýrust.

Félagsmálaráðherra varð við tilmælum fulltrúaráðsins og skipaði svokallaða tekjustofnanefnd 2. júní 2000. Tekjustofnanefndin fór í yfirgripsmikla athugun á fjármálum sveitarfélaga og tekjustofnum þeirra, sérstaka skoðun á fasteignaskatti, þjónustugjöldum og skoðaði löggjöf nágrannalandanna um þessi efni. Skilabréf nefndarinnar til félagsmálaráðherra er dags. 1. nóvember 2000 og útgefin skýrsla með niðurstöðum nefndarinnar, ásamt greinargerð, fylgiskjölum og viðaukum er dags. í október 2000.

Tekjustofnanefndin tók m.a. til umfjöllunar skýrslu um þróun fjármála-legra samskipta ríkis og sveitarfélaga á árunum 1990 til 1997, sem áður er greint frá, og auk þess niðurstöður starfshóps sem félagsmálaráðherra skipaði 10. desember 1998 til að meta bein og óbein fjárhagsleg áhrif sem sveitarfélögin hefðu orðið fyrir vegna skattlagningar fjármagnstekna. Sú nefnd fjallaði m.a. um afslátt vegna hlutabréfakaupa, skattfrelsi lífeyrisiðgjalda, tryggingagjaldið, fjármagnstekjuskatt sem sveitarfélögin greiða og tekjutap sveitarfélaga vegna ákvæða um skattlagningu fjármagnstekna.

Í samræmi við tillögur tekjustofnanefndarinnar var útsvar sveitarfélaga hækkað í tveimur áföngum, fyrst um 0,66 prósentustig 1. janúar 2001 og síðan um 0,33 prósentustig 1. janúar 2002. Hámarksálagningarhlutfall útsvars eftir þær breytingar er 13,03%, en lágmarksálagningarhlutfall er óbreytt, 11,24%.

Álagningu fasteignaskatts var breytt og er stofn skattsins eftir þá breytingu fasteignamat hvers húsnæðis eins og það er á hverjum stað. Til að sveitarfélög yrðu jafnsett eftir þá breytingu fékk Jöfnunarsjóður sveitarfélaga það hlut-

verk að jafna tekjutap einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar fasteignaskattstekna. Sjóðurinn fékk sérstakan tekjustofn til að standa undir því verkefni og nemur hann 0,64% af beinum og óbeinum sköttum sem innheimtir eru í ríkissjóð.

Einnig var samþykkt að tillögum nefndarinnar að jöfnunarsjóður fengi sér-taka 700 m.kr. fjárveitingu á árunum 2000 og 2001, sem ráðstafað var til sveitarfélaga vegna fækkunar íbúa og með hækkun þjónustu- og tekjujöfnun-arframlaga.

Tekjustofnanefndin lagði til að unnið verði að því að fækka undanþágum frá fasteignaskatti eins og kostur er, að lagafrumvörp og stjórnvaldsákvæðanir sem hafa áhrif á fjárhag sveitarfélaga verði kostnaðarmetin gagnvart sveitarfélögum. Einnig lagði hún til að verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga verði breytt og eftirtalin verkefni færð til ríkisins; stofnkostnaður sjúkrastofnana og heilsugæslustöðva, stofnkostnaður framhaldsskóla, þ.m.t. heimavistir og Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Hinn 16. desember 1999 undirrituðu félags- og fjármálaráðherra og formaður og framkvæmdastjóri sambandsins yfirlýsingu þar sem m.a. var kveðið á um tímabundnar aðgerðir í fjármálum sveitarfélaganna og samskiptamál ríkis og sveitarfélaga.

Í framhaldi af störfum tekjustofnanefndarinnar voru skipaðir nokkrir starfshópar til að fjalla nánar um þær tillögur hennar og álit sem ekki höfðu komið til framkvæmda. Þar var m.a. um að ræða breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, heilbrigðisstofnanir, framhaldsskóla og Innheimtustofnun sveitarfélaga, undanþágur frá greiðslu fasteignaskatts, kostnaðarmat lagafrumvarpa og stjórnvaldsákvæðana og úttekt á álagningu og innheimtu þjónustugjalda sveitarfélaga. Niðurstöður eða drög að niðurstöðum þessara starfshópa liggja nú flest fyrir í einhverri mynd.

Hinn 14. febrúar 2001 skipaði félagsmálaráðherra nefnd, sem skipuð var fulltrúum ríkis og sveitarfélaga, til að endurskoða III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, en sá kafla fjallar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Líta má á skipun nefndarinnar sem framhald á störfum tekjustofnanefndarinnar. Þess er vænst að nefndin ljúki störfum í september 2002 og mun skýrsla með niðurstöðum hennar liggja fyrir í framhaldi af því.

Félagsmálaráðherra skipaði í árslok 2000 nefnd til þess að gera úttekt á fjárhagsvanda sveitarfélaga vegna félagslega húsnæðiskerfisins og móta tillögur til lausnar hans. Nefndin hefur lokið störfum og skilað niðurstöðum sínum til félagsmálaráðherra. Í tillögum nefndarinnar er m.a. lagt til að félagslegt húsnæði í eigu sveitarfélaganna verði fært yfir í sérstök eignarhalds-

félög sem sjái um rekstur þess. Markmiðið er að gera rekstur félagslega hús-næðiskerfisins markvissari og greina hann frá öðrum rekstri sveitarfélaganna.

Meðan á starfi nefndarinnar stóð voru lagðar fram tillögur um lausn á þeim rekstrarlega vanda sem sum sveitarfélög stóðu og standa frammi fyrir vegna félagslegra íbúða. Tillögum nefndarinnar var fylgt eftir með breytingum á lögum um húsnaðismál nr. 44/1998 þar sem kveðið er á um starfsemi Varasjóðs húsnaðismála sem hefur fengið það hlutverk m.a. að veita framlög til sveitarfélaga og féлага á þess vegum vegna félagslegra íbúða, sbr. nánari ákvæði þar að lútandi, og tekur hann jafnframt við öllum réttindum og skyldum Varasjóðs viðbótarlána sem lagður hefur verið niður. Í ráðgjafarnefnd varasjóðsins eiga sæti þrír fulltrúar tilnefndir af stjórn sambandsins, einn fulltrúi tilnefndur af fjármálaráðherra og einn sem tilnefndur er af félagsmálaráðherra og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

Hinn 28. desember 2001 undirrituðu félags- og fjármálaráðherra og formaður og framkvæmdastjóri sambandsins yfirlýsingu þar sem kveðið er á um meðferð ýmissa ófrágenginna samskiptamála ríkis og sveitarfélaga og ágreiningur hefur verið um. Yfirlýsingin lýtur m.a. að tekjum jöfnunarsjóðs til að fjármagna greiðslur til sveitarfélaga vegna breytingar á álagningarstofni fasteigna, fjármögnun húsaleigubótakerfisins, endurskoðun lagaákvæða um stofnkostnaðarhlutdeild sveitarfélaga í heilbrigðisstofnunum og framhaldsskólum, undanþágum frá greiðslu fasteignaskatts, verkaskiptingu á sviði tónlistarfræðslu o.fl. Enn standa yfir viðræður og vinna við að ná fram niðurstöðu í flestum þeim málum sem vikið er að í yfirlýsingunni.

Í nóvember 2001 kom stjórn sambandsins á fót starfshópi til að meta áhrif skattalagabreytinga og fjölgunar einkahlutafélaga á útsvarsstofn sveitarfélaga. Starfshópurinn hefur m.a. átt samstarf við Hagstofu Íslands og embætti ríkisskattstjóra í sinni vinnu. Athuganir starfshópsins leiða í ljós að útsvarsstofn sveitarfélaga hefur orðið fyrir verulegri skerðingu en örðugt og tímafrekt er að meta þá skerðingu með viðunandi nákvæmni.

Í janúar 2002 skipaði stjórn sambandsins fulltrúa sína til að eiga viðræður við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið um daggjöld á heilbrigðisstofnunum en sveitarfélög hafa í ýmsum tilvikum greitt rekstrarhalla þessara stofnana. Unnið hefur verið að því að gera reiknimódel fyrir tekjuþörf hjúkrunar- og vistheimila miðað við þjónustustig þeirra og viðræður við ráðuneytið halda áfram með það að markmiði að leiðrétting fáiast og tekjur þessara stofnana verði í samræmi við eðlileg útgjöld miðað við þjónustustig.

Málefni fatlaðra

Mikil vinna fór fram á síðasta kjörtímabili við að undirbúa flutning málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Verkefnisstjórn fulltrúa ríkis og sveitarfélaga var komið á fót og fleiri samstarfsstarfshópum og nefndum til að undirbúa málið sem best. Yfirfærslan var til sérstakrar umfjöllunar á 60. fundi fulltrúaráðs sambandsins 29. mars 2001. Um það leyti var til meðferðar á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem gert var ráð fyrir yfirfærslunni. Fulltrúaráðið samþykkti ítarlega ályktun um málið þar sem staðfestur var vilji sveitarfélaganna til að taka yfir málefni fatlaðra í samræmi við fyrri ályktanir sambandsins. Skilyrt var að samhliða frumvarpi um yfirfærsluna lægi fyrir frumvarp um nýjan tekjustofn sveitarfélaganna til að standa undir verkefninu ásamt samningi um árlega endurskoðun á tekjum og gjöldum sveitarfélaga vegna málefna fatlaðra. Frumvarp sem tryggði sveitarfélögum tekjur til að standa undir verkefninu lá ekki fyrir og samningur um yfirfærsluna með árlegum endurskoðunarákvæðum var ekki frágenginn á vordögum 2001. Ekki varð því af yfirfærslu málefna fatlaðra eins og að hafði verið stefnt og hefur frekari vinna þar að lútandi legið niðri síðan.

Sameining sveitarfélaga

Á 16. landsþingi sambandsins árið 1998 var samþykkt ályktun þar sem hvatt var til þess að áfram yrði unnið að sameiningu sveitarfélaga. Taldi þingið eins og segir á ályktuninni „að það sé hlutverk sveitarstjórnarmanna að hafa frumkvæði þar um með skipulegum hætti“. Sveitarfélögin voru 124 þegar landsþingið var haldið 1998 og víða um land var að frumkvæði sveitarstjórnarmanna unnið að sameiningu sveitarfélaga á kjörtímabilinu. Settar voru fram og ræddar hugmyndir um víðtæka sameiningu sveitarfélaga víða á landinu, þó á sumum svæðum væri harla lítið gert. Í þeim tilvikum þar sem samstaða var um að leggja fram beinar tillögur um sameiningu sveitarfélaga voru þær bornar undir atkvæði í hverju sveitarfélagi um sig og ýmist felldar eða samþykktar. Undir lok kjörtímabilsins sameinaði félagsmálaráðuneytið, samkvæmt ákvæðum í sveitarstjórnarlögum um lágmarksíbúatölu, Kirkjubólshrepp og Hólmavík-urhrepp og Skagahrepp og Vindhælishrepp. Önnur sameining sveitarfélaga átti sér stað að undangenginni atkvæðagreiðslu í hverju einstöku sveitarfélagi um sig þar sem meirihluti íbúanna hafði samþykkt þá tillögu að sameiningu sem fyrir lá. Við síðustu sveitarstjórnarkosningar voru sveitarfélögin 105 og hafði þeim því fækkað um 19 á kjörtímabilinu.

Grunnskólamáli

Málefni grunnskólans hafa verið töluvert til umfjöllunar á vettvangi sambandsins á liðnu kjörtímabili. Samkvæmt samningi um yfirfærslu grunnskóla-kostnaðar til sveitarfélaganna frá 4. mars 1996 var gert ráð fyrir að kostnaður og tekjuþörf sveitarfélaganna vegna grunnskólalaga væri endurmetinn fyrir 1. ágúst 2000. Menntamálaráðherra skipaði sex manna starfshóp fulltrúa þriggja ráðuneyta og tveggja frá sambandinu fyrrihluta árs 2000 til að annast það mat. Stjórn sambandsins lét meta sérstaklega kostnað og tekjur sveitarfélaganna vegna grunnskólayfirfærslunnar á sínum eigin forsendum. Starfshópur menntamálaráðuneytisins fékk KPMG endurskoðun h.f. til að kanna þau gögn sem fyrir lágu í málinu og skilaði fyrirtækið niðurstöðum sínum til starfshópsins. Fulltrúar sambandsins í starfshópnum gerðu það að tillögu sinni til menntamálaráðherra að skipuð yrði samninganefnd tveggja fulltrúa sambandsins og tveggja fulltrúa ríkisins sem tæki til athugunar hvernig sveitarfélögum væri bættur sá kostnaðarauki sem þeir töldu að sveitarfélögin hefðu orðið fyrir, m.a. vegna nýrrar aðalnámsskrár og fjölgunar kennslustunda og kennsludaga sem ekki var gert ráð fyrir við yfirfærsluna. Efni bókuunar fulltrúa sambandsins í starfshópnum var síðan áréttað í bréfi sambandsins dags. 22. desember 2000. Menntamálaráðuneytið svaraði þeirri málaleitan með bréfi dags. 22. janúar 2001 þar sem fram kom að það teldi að ekki hefði verið sýnt fram á kostnaðarauka vegna nýrra námsskráa og því væri ekki ástæða til að skipa sérstaka samninganefnd. Þess í stað lagði það til að skipst yrði á erindum um þau álitamál sem rædd voru í starfshópnum. Stjórn sambandsins mótmælti þeirri fullyrðingu ráðuneytisins að ekki hefði verið sýnt fram á kostnaðarauka vegna nýrra námsskráa. Þetta ágreiningsefni var áfram til umfjöllunar á ýmsum samráðsvettvangi sambandsins og ríkisins.

Grunnskóladeild sambandsins stóð fyrir því að tilraun var gerð með fjar-kennslu milli Hólmavíkur og Broddanesskóla. Faglegt eftirlit með verkefninu hafði Háskólinn á Akureyri. Það var samdómaálit þeirra sem stóðu að eða tóku þátt í þessari tilraun að hún hefði í flestu tekist vel og að þessi aðferð gæti styrkt og eflt grunnskólakennslu og aukið og bætt samskipti milli nemenda og kennara. Að tilrauninni lokinn keyptu hlutaðeigandi sveitarfélög þann búnað sem notaður var við tilraunina. Ítarleg skýrsla um þetta verkefni var unnin af Háskólanum á Akureyri og send öllum sveitarfélögum til upplýsingar.

Í framhaldi af yfirfærslu grunnskólaverkefna frá ríki til sveitarfélaga tók sambandið að sér í ársbyrjun 1998 að viðhalda svokallaðri kennaraskrá.

Skráin innihélt ýmsar upplýsingar um starfsferil og námsmat einstakra kennara og var notuð til að raða kennurum í launaflokka samkvæmt ákvæðum kjarasamnings þar um. Með þeim breytingum sem síðast voru gerðar á kjarasamningum grunnskólakennara var horfið frá því fyrirkomulagi að tengja launagreiðslur við námsmat einstaklinga og viðhald kennaraskrárinnar því óþarft orðið. Sambandið hætti því að halda við kennaraskránni frá og með áramótunum 2001-2002.

Vímuefnavandinn

Á fulltrúaráðsfundi sambandsins í nóvember 1999 var fjallað um vímuefnavandann og samþykkt tillaga um að stjórn sambandsins leitaði eftir samkomulagi við dóms- og menntamálaráðuneyti um sameiginlegt átak sveitarfélaga og ráðuneyta gegn dreifingu og sölu fíkniefna, t.d. með stórauðnum áróðri í grunn- og framhaldsskólum. Í framhaldi þeirrar samþykktar skipaði stjórn sambandsins starfshóp með fulltrúum ráðuneyta og sveitarstjórnarfólki til að vinna að framgangi málsins.

Niðurstaða þess starfshóps lá fyrir í maí 2001 í formi skýrslu sem ber heitið Fíkniefni - fræðsla og forvarnir í grunn- og framhaldsskólum. Í skýrslunni koma fram tillögur starfshópsins ásamt ítarlegri greinargerð. Skýrslan var kynnt á blaðamannafundi og send öllum sveitarstjórnnum og ýmsum fleirum sem málið varðar. Í samræmi við umrædda skýrslu átti sambandið síðan í viðræðum við Áfengis- og vímuvarnaráð um að koma á samstarfi þessara aðila og á fundi stjórnar sambandsins 8. febrúar 2002 samþykkti stjórnin fyrir sitt leyti samstarfssamning milli þessara aðila um samstarfsverkefni til að efla áfengis- og fíkniefnaforvarnir sveitarfélaga. Megininntak samningsdraganna kvað á um ráðgjöf og upplýsingamiðlun til sveitarfélaga um skipulag og framkvæmd forvarnarstarfs gagnvart ungu fólki, m.a. á grundvelli þeirrar reynslu sem fengist hefur af framkvæmd verkefnisins „Ísland án eiturlyfja“, svo og reynslu sem fengist hefur af grasrótarstarfi í ýmsum sveitarfélögum. Umrædd samningsdrög hafa enn ekki verið samþykkt af Áfengis- og vímuvarnarráði en fyrirhugaðar eru frekari viðræður um málið.

Byggðamál

Byggðamál voru mikið til umfjöllunar á vettvangi sambandsins á nýliðnu kjörtímabili. Fyrst á landsþinginu 1998 þar sem flutt voru þrjú framsöguerindi um þau mál og samþykkt um þau sérstök ályktun. Einnig var samþykkt ályktun um byggðamálin á 56. fundi fulltrúaráðsins í apríl 1999 þar sem

fjallað var um nýsamþykktu þingsályktun í byggðamálum fyrir árin 1998 til 2001. Á 57. fundi fulltrúaráðsins í nóvember 1999 voru flutt þrjú erindi um byggðamál, sem dreift var til allra sveitarfélaga, alþingismanna, ráðuneyta og stofnana. Einnig voru byggðamál rædd á fundum stjórnarinnar með formönnum og framkvæmdastjórum landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Hinn 22. nóvember 2000 skipaði stjórn sambandsins sérstaka nefnd til að fjalla um byggðamálin. Með því að koma á fót sérstakri nefnd um byggðamál vildi stjórnin freista þess að ná fram víðtækri samstöðu sveitarstjórnarmanna um flutning tillagna um þau mál en stjórnin taldi að forsenda þess að hægt væri að leggja fram slíkar tillögur væri að um þær væri víðtæk sátt meðal sveitarstjórnarmanna. Nefndin hafði það hlutverk að leggja fram tillögur um aðgerðir sem miði að því að draga úr fólksflutningum utan af landi til höfuðborgarsvæðisins. Tillögur byggðanefndar voru ræddar á 60. fundi fulltrúaráðsins í mars 2001 og lagðar fram og kynntar fyrir stjórn sambandsins 11. júní og á blaðamannafundi 25. júní. Einnig voru þær sendar öllum sveitarstjórnnum og kynntar á vettvangi nokkurra landshlutasamtaka sveitarfélaga. Á 61. fundi fulltrúaráðsins voru þær enn teknar til umfjöllunar og niðurstaða þess fundar var að vísa tillögunum og breytingartillögum við hana til stjórnar sambandsins, sem legði þær síðan fyrir næsta fulltrúaráðsfund. Tillögurnar með áorðnum breytingum stjórnar sambandsins voru til umfjöllunar á 62. fundi fulltrúaráðsins í mars 2002. Þar fór fram ítarleg umræða um byggðamál og gekk sá fundur frá stefnumörkun sambandsins í byggðamálum, sem í framhaldi þess var dreift og kynnt með margvíslegum hætti.

Staðardagskrá 21

Í mars 1998 var undirritaður samstarfssamningur milli umhverfisráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um 18 mánaða „verkefni sem miðaði að gerð umhverfisáætlana í sveitarfélögum - Staðardagskrá 21“. Verkefnið hófst formlega í byrjun október sama ár. Þá hafði 31 sveitarfélag sótt um þátttöku í verkefninu.

Við lok 18 mánaða verkefnisins 31. mars 2000 var ákveðið að framlengja samstarf umhverfisráðuneytisins og sambandsins a.m.k. til loka þess árs. Þann 10. janúar 2001 skrifuðu svo umhverfisráðherra og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga undir samning um áframhaldandi samstarf til að aðstoða íslensk sveitarfélög við að koma sér upp Staðardagskrá 21 og gildir samningurinn til fimm ára, þ.e. frá 1. janúar 2001 til 31. desember 2005.

Samkvæmt nýja samstarfssamningnum hefur Samband íslenskra sveitarfé-

laga umsjón með fjármálum Staðardagskrárverkefnisins. Sambandið greiðir allan kostnað vegna verkefnisstjóra Sd21 á Íslandi og vegna starfs hans og starfsaðstöðu í samræmi við fjárhagsáætlun sem gera skal fyrir hvert ár. Umhverfisráðuneytið greiðir sambandinu fasta fjárhæð upp í þennan kostnað árlega.

Upphaflega tók 31 sveitarfélag þátt í íslenska Staðardagskrárverkefninu. Síðar hafa fleiri bæst í hópinn. Þann 12. apríl 2002 höfðu samtals 48 sveitarfélög tengst Staðardagskrárstarfinu á Íslandi með einhverjum hætti. Í þessum sveitarfélögum búa samtals 265.378 íbúar, eða 92,70% landsmanna.

Útgáfu- og kynningarmál

Sveitarstjórnarmál

Í upphafi árs 2002 samþykkti stjórn sambandsins að gera breytingar á útgáfu tímaritsins í þeim tilgangi að efla það enn frekar sem ferskan miðil og mál-gagn sambandsins. Í framhaldi af þessari samþykkt var gerður samningur við Fremri - kynningarþjónustu ehf. á Akureyri um að fyrirtækið tæki að sér umsjón með útgáfu tímaritsins í samvinnu við sambandið, en eftir sem áður er sambandið eigandi og útgefandi Sveitarstjórnarmála. Útliti tímaritsins hefur verið breytt og brotið stækkað. Þá er í samningnum kveðið á um hámark auglýsinga í hverju tölublaði. Stefnt er að því að tímaritið verði sjálfbært á tveimur árum og sambandið þurfi ekki að greiða með útgáfunni í framtíðinni.

Markmiðið með samningnum er að efla útgáfuna og styrkja tímaritið til þess að vera áfram mikilvægt tæki í hagsmunagæslu fyrir sveitarfélögin og jafnframt áhugaverður vettvangur fyrir sveitarstjórnarmenn til þess að sækja fróðleik og skiptast á skoðunum um málefni sveitarfélaganna.

Áætlað er að tímaritið komi út 10 sinnum á ári og verður útgáfutími festur fyrirhluta hvers mánaðar nema júlí og ágúst þegar hlé verður gert á útgáfunni.

Ritstjórnarlegt vald er á vegum sambandsins en ritstjórar tímaritsins eru tveir, Magnús Karel Hannesson, sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, og Bragi V. Bergmann hjá Fremri - kynningarþjónustu ehf.

Upplýsinga- og samskiptavefur

Í mars 2002 var gerður samningur við fyrirtækið Vef - samskiptalausnir ehf. um gerð nýs upplýsinga- og samskiptavefs fyrir sambandið. Í framhaldinu

unnu starfsmenn þess að enduruppbyggingu vefsins í samstarfi við starfsmenn Vefs - samskiptalausna ehf.

Nýi vefurinn er byggður upp á gagnagrunni sem stóreykur möguleika til upplýsingagjafar, samskipta og upplýsingasöfnunar um vefinn. Er þess vænst að með vefnum geti sambandið enn betur en áður sinnt þjónustuhlutverki sínu gagnvart sveitarfélögunum og sveitarstjórnarmönnum og um leið eflt hagsmunagæslu fyrir sveitarfélögin í landinu.

Sjónvarpsþættir um sveitarfélögin

Á haustmánuðum 2001 gekkst sambandið fyrir gerð þriggja 27 mínútna langra sjónvarpsþátta undir nafninu Sveitarfélög í upphafi nýrrar aldar. Þar var fjallað um þjónustu við íbúana, samskipti við íbúa, önnur sveitarfélög og ríkið og framtíðarsýn.

Þættirnir voru gerðir í samstarfi sambandsins, félagsmálaráðuneytisins og Sjónvarpsins RÚV, en Myndbær ehf. annaðist gerð þáttanna.

Launanefnd sveitarfélaga

Á XVI. landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið var á Akureyri í ágúst 1998 voru málefni Launanefndar sveitarfélaga til umfjöllunar. Á fundinum var samþykkt ályktun þar sem fram kemur að sveitarstjórnarmenn telji að góð reynsla sé af störfum nefndarinnar. Landsþingið taldi einnig að finna yrði lausn á þeim vanda sem skapast hefði vegna sérsamninga nokkurra sveitarfélaga við einstaka starfshópa. Þingið hvatti launanefndina til að halda fundi í öllum landshlutum til að ræða þá stöðu við fulltrúa þeirra sveitarfélaga sem veitt hafa nefndinni umboð til kjarasamningsgerðar. Einnig var hvatt til stefnumörkunarvinnu á vegum nefndarinnar fyrir gerð næstu kjarasamninga.

Haustið 1999 hóf launanefndin vinnu við markmiðs- og stefnumörkun nefndarinnar vegna komandi kjarasamninga. Fulltrúar nefndarinnar héldu fundi með öllum sveitarfélögum í landinu þar sem skipst var á skoðunum um kjaramál, starfsemi launanefndarinnar og framtíðina. Í framhaldi þessara funda hófst markviss stefnumörkunarvinna af hálfu nefndarinnar.

Nú er svo komið að launanefndin hefur umboð frá nær öllum sveitarfé-

lögum landsins til að gera kjarasamninga við um 80 stéttarfélög, alls um 550 umboð.

Á árinu 2000 voru allir kjarasamningar launanefndar lausir en á mismunandi tíma. Sumir voru lausir á vormánuðum en aðrir ekki fyrr en í lok ársins. Tekin var ákvörðun um að framlengja alla samninga fram að áramótum 2000 og 2001 og gekk sú vinna vel. Þegar nær dró áramótunum fóru samningahjólin að snúast. Fyrst var gengið til samninga við grunnskólakennara og eftir mikla vinnu voru kjarasamningar undirritaðir við Kennarasamband Íslands í byrjun janúar 2001. Í þeim samningum fólust verulegar breytingar sem tóku gildi í upphafi skólaársins 2001-2002.

Launanefndin hélt síðan áfram allt árið 2001 og fram á árið 2002 að gera kjarasamninga við þau u.þ.b. 60 stéttarfélög sem eftir var að semja við.

Árið 2001 var annasamasta ár í sögu Launanefndar sveitarfélaga. Aldrei áður hafa jafn margir kjarasamningar verið gerðir. Launanefndin hefur umboð til að gera samninga við nálægt 90 stéttarfélög, alls um 580 umboð.

Starfsmat

Í samningum við bæjarstarfsmannafélögin og Starfsgreinasambandið eru ákvæði um að tekið skuli upp nýtt starfsmatskerfi. Ákveðið var að vinna að því að taka upp starfsmatskerfi sem fulltrúar LN kynntust í för sinni til Englands sumarið 1999. Um er að ræða kerfi sem hannað var í samvinnu bresku sveitarfélaganna og stéttarféлага þar í landi. Ein merkasta nýjungin hvað kerfið varðar er að það er tölvukeyrt og er vonast til þess að það atriði leiði til þess að rekstur þess verði auðveldari auk þess sem mjög er dregið úr huglægum þáttum við framkvæmd matsins. Þá má geta þess að Reykjavíkurborg hefur ákveðið að taka kerfið upp og er nán samvinna milli borgarinnar og launanefndar við innleiðingu kerfisins. Það er mikið verk og var ráðinn starfsmaður á skrifstofu sambandsins tímabundið til að sinna því. Gert er ráð fyrir að hið nýja starfsmat taki gildi í lok árs 2002. Nánari upplýsingar um starfsmatið má finna á upplýsinga- og samskiptavef sambandsins.

Skipan launanefndar

Launanefnd sveitarfélaga er skipuð níu fulltrúum sem kosnir voru á XVI. landsþingi sambandsins sem haldið var á Akureyri í ágúst 1998. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á nefndinni á kjörtímabilinu og hefur verið gerð grein fyrir þeim í skýrslum um starfsemi sambandsins sem hafa verið lagðar fyrir fulltrúaráðsfundi sambandsins og þær síðan sendar öllum sveitarfélögum.

Launanefndin er þannig skipuð nú að aðalmenn eru Karl Björnsson, fyrrverandi bæjarstjóri Sveitarfélagsins Árborgar, formaður, Ásgeir Magnússon, fyrrverandi bæjarfulltrúi á Akureyri, varaformaður, Árni Þór Sigurðsson, borgarfulltrúi í Reykjavík, Birgir Björn Sigurjónsson, forstöðumaður kjarapróunardeildar Reykjavíkurborgar, Bragi Michaelsson, varabæjarfulltrúi í Kópavogi, Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, Halldóra B. Jónsdóttir, bæjarfulltrúi í Sveitarfélaginu Hornafirði, Kristín A. Árnadóttir, framkvæmdastjóri fjölskyldu- og þróunarsviðs Reykjavíkurborgar, og Þórir Sveinsson, fjármálastjóri Ísafjarðarbæjar. Varafulltrúar eru Jóhanna Reynisdóttir, sveitarstjóri Vatnsleysustrandarhrepps, Karl Jörundsson, fyrrverandi starfsmannastjóri á Akureyri, Stefán Kalmannsson, fyrrverandi bæjarstjóri Borgarbyggðar, Ragnhildur Erla Bjarnadóttir, fjármálastjóri hjá Leikskólum Reykjavíkur, og Gunnar Eydal, skrifstofustjóri borgarstjórnar, Reykjavíkurborg.

Ráðstefnur, námskeið og fundir

Ráðstefnu- og fundahald er veigamikill þáttur í starfsemi sambandsins, enda segir í lögum þess að það sé m.a. tilgangur sambandsins að vinna að almennri fræðslu um sveitarstjórnarmál svo og upplýsinga- og ráðgjöf um einstaka þætti sveitarstjórnarmála fyrir sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga.

Fjármálaráðstefnan 1998

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga er árviss viðburður á vettvangi sambandsins og sveitarstjórnarmanna og starfsmanna sveitarfélaga almennt. Hana sækja fjölmargir sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga. Ráðstefnan er ætíð haldin í október eða nóvember ár hvert.

Á fjármálaráðstefnunni árið 1998 voru haldin nokkur erindi. Fjármálaráðherra ræddi viðhorf sín til samstarfs ríkis og sveitarfélaga, fjallað var um fjármálakafli nýju sveitarstjórnarlaganna, um framkvæmd nýrra laga um húsnæðismál og þróun kjaramála. Þá var ennfremur rætt um einkaframkvæmd og spurt hvort þar væru tækifæri fyrir sveitarfélög og fjallað um efnahagshorfur. Skráðir þátttakendur voru um 370 talsins.

Ráðstefna um nýjar leiðir í stjórnun sveitarfélaga

Sambandið efndi til ráðstefnu um nýjar leiðir í stjórnun sveitarfélaga á Grand Hótel í Reykjavík 18. mars 1999. Þar flutti danskur sérfræðingur erindi um nýjar leiðir í stjórnun sveitarfélaga í Danmörku og nokkrir innlendir fyrirlesarar gerðu grein fyrir t.d. samningsstjórnun í Reykjanesbæ, nýjum leiðum í stjórnun Reykjavíkurborgar og nýjum stjórnunarháttum hjá ráðuneytum og ríkisstofnunum. Einnig var rætt um möguleika sveitarfélaga á að gera vinnustaðasamninga. Á ráðstefnunni var notaður fjarfundabúnaður Byggðastofnunar, Byggðabréfin, og var unnt að fylgjast með störfum hennar frá nokkrum stöðum annars staðar á landinu.

Ráðstefna um aðgengi fyrir alla

Hinn 18. október 1999 héldu sambandið og ferlinefnd félagsmálaráðuneytisins sameiginlega ráðstefnu um aðgengi fyrir alla á Hótel Loftleiðum. Ráðstefnuna sátu um 80 manns. Þar voru flutt mörg og fróðleg erindi um aðgengi og kynnt nýútkomin handbók um aðgengi sem lengi hafði verið í undirbúningi.

Fjármálaráðstefnan 1999

Hin árlega ráðstefna sambandsins um fjármál sveitarfélaga var haldin í október 1999, um það bil mánuði fyrr en oftast áður. Á ráðstefnunni voru að vanda haldin erindi um samstarf ríkis og sveitarfélaga um efnahags- og fjármál, um tekjustofna sveitarfélaga, um nýjar leiðir í fjárfestingu og rekstrarverkefnum sveitarfélaga og um skuldaþol og mælikvarða á fjárhag sveitarfélaga. Einnig voru kynntar niðurstöður úr ársreikningum sveitarfélaga.

Félagsþjónusta á nýrri öld - viðhorf, ábyrgð, framtíðarsýn

Sambandið og Samtök félagsmálastjóra á Íslandi stóðu sameiginlega að ráðstefnu í Salnum í Tónlistarhúsi Kópavogs föstudaginn 12. nóvember 1999.

Ráðstefnan bar yfirskriftina: „Félagsþjónusta á nýrri öld - viðhorf, ábyrgð, framtíðarsýn“. Ráðstefnan var sérstaklega ætluð sveitarstjórnarmönnum, fulltrúum félagsmálanefnda, starfsmönnum félagsþjónustu sveitarfélaga, alþingismönnum og fulltrúum félagasamtaka sem og verkalýðsfélaga. Ráðstefnuna sóttu um 160 manns. Á ráðstefnunni voru flutt allmörg erindi sem voru sett á heimasíðu sambandsins og tvö þeirra birt í Sveitarstjórnarmálum.

Málþing um stjórnsýslu og stjórnsýslutilraunir reynslusveitarfélaga

Föstudaginn 24. mars 2000 héldu verkefnisstjórn reynslusveitarfélaga og

sambandið sameiginlega málþing um stjórnsýslu og stjórnsýslutilraunir reynslusveitarfélaga. Á ráðstefnunni var kynnt tilraunaverkefnið Miðgarður í Grafarvogi Reykjavík og stjórnsýslutilraunir á Akureyri og á Hornafirði. Einnig voru flutt erindi um stjórnsýsluleg viðhorf og nýsköpun á sviði stjórnunarmála. Ráðstefnuna sátu stórt hundrað manns.

Ráðstefna um Staðardagskrá 21

Hinn 4. apríl 2000 hélt Staðardagskrárverkefnið og Hafnarfjarðarbær ráðstefnu í Hafnarborg í Hafnarfirði og var hún ætluð stjórnendum og starfsmönnum sveitarfélaga.

Á ráðstefnunni var fjallað um samvinnu fyrirtækja og sveitarfélaga á sviði umhverfismála, m.a. þátttöku atvinnulífsins í Staðardagskrárverkefninu, og kynnt sú reynsla sem fengist hefur í því. Einnig var fjallað um framhald starfsins í einstökum sveitarfélögum og á landinu í heild.

Ráðstefna um kosti og galla einkaframkvæmda á vegum sveitarfélaga

Sambandið efndi til ráðstefnu hinn 17. maí 2000 um kosti og galla einkaframkvæmda og önnur álitamál vegna einkaframkvæmda á vegum sveitarfélaga. Ráðstefnan var haldin í Frímúrarahúsinu í Hafnarfirði og sóttu hana 70 manns.

Fjármálaráðstefnan 2000

Ráðstefnan var haldin á Hótel Sögu Reykjavík 2. og 3. nóvember 2000. Auk hefðbundins efnis voru kynntar niðurstöður endurskoðunarnefndar tekjustofnalaga, kynnt staða kjarasamningagerðar við starfsmenn sveitarfélaga og yfirfærsla grunnskólans til sveitarfélaganna. Ráðstefnuna sóttu tæplega 290 fulltrúar auk framsögumanna.

Fundur um yfirfærslu málefna fatlaðra

Sambandið efndi til fundar með landshlutanefndum um málefni fatlaðra hinn 23. nóvember 2000 um fyrirhugaða yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.

Fundir til kynningar á nýjum kjarasamningum

Á fyrrihluta ársins 2001 voru haldnir nokkrir fundir á vegum Launanefndar sveitarfélaga til þess að kynna þær breytingar sem leiða af nýjum kjarasamningum kennara. Fundirnir voru ætlaðir skólastjórum, trúnaðarmönnum kennara og fulltrúum sveitarstjórna. Samtals sóttu um 600 manns fundina.

Ráðstefna um menningarmál á landsbyggðinni

Sambandið átti ásamt menntamálaráðuneytinu og Byggingastofnun aðild að ráðstefnu um stefnumótun í menningarmálum á landsbyggðinni sem haldin var í maí 2001.

Formaður sambandsins, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, flutti ávarp í upphafi ráðstefnunnar og fulltrúar frá írska menningarráðinu kynntu menningaráætlun Íra og þátttakandi frá Svíþjóð fjallaði um menningu og menningartengda ferðaþjónustu sem byggðamál. Af öðru efni ráðstefnunnar má nefna að fjölmörg erindi voru flutt um stöðu og starfsumhverfi menningarmála á Íslandi.

Fjármálaráðstefnan 2001

Á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga sem haldin var í október 2001 var fjallað um störf nefnda sem félagsmálaráðherra hafði skipað til þess að fjalla um tiltekin hagsmunamál sveitarfélaganna. Fjallað var um breytingar á lögum og reglugerðum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og um mat á fjárhagslegum áhrifum stjórnvaldsákvæðana. Þá var rætt um kostnaðaráhrif kjarasamninga við starfsmenn sveitarfélaga, félagslega húsnæðiskerfið og fleira sem snertir rekstur sveitarfélaga. Ráðstefnuna sóttu tæplega 400 manns.

Ráðstefnan „Unglingar vinna ...“

Í október 2001 stóð sambandið að ráðstefnunni „Unglingar vinna ...“ ásamt Vinnuskóla Reykjavíkur, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur og Vinnuskóla Kópavogs. Ráðstefnan var haldin í tilefni af 50 ára afmæli Vinnuskóla Reykjavíkur og þar voru flutt mörg erindi sem tengdust rekstri vinnuskóla sveitarfélaga.

Ráðstefnan var haldin í Eldborg við Svartsengi og þátttakendur voru um 100 auk framsögumanna.

Námskeið í danska sveitarfélagaskólanum

Í nóvember 2001 tóku 16 íslenskir sveitarstjórnsmenn, starfsmenn sveitarfélaga og starfsmenn sambandsins og félagsmálaráðuneytisins þátt í námskeiði á vegum Den Kommunale Højskole í Grenå á Austur-Jótlendi. Á námskeiðinu var fjallað um dönsk sveitarstjórnarmál. Markmiðið var að víkka sjónvildarhorning þátttakenda á sviði sveitarstjórnarmála og gefa þeim innsýn í á hvern hátt er staðið að framkvæmd sveitarstjórnarmála í Danmörku.

Það var mat þátttakenda að námskeiðið hafi verið gagnlegt, vel heppnað og skilað þeim árangri sem að var stefnt.

Ráðstefna um félags- og tómstundastarf fyrir ungt fólk í sveitarfélögum

Þann 22. nóvember 2001 var haldin ráðstefna í samvinnu við menntamála-ráðuneytið og Æskulýðsráð ríkisins þar sem fjallað var um félags- og tómstundastarf fyrir ungt fólk í sveitarfélögum og bar ráðstefnan yfirskriftina „Betra mannlíf - betri byggð“. Ráðstefnan var haldin í ráðstefnusal ríkisins við Borgartún í Reykjavík og voru þátttakendur um 100.

Málþing um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga

Föstudaginn 1. febrúar 2002 var haldin ráðstefna í samvinnu við félagsmála-ráðuneytið, Samtök félagsmálastjóra og námsbraut í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og voru einkunnarorð málþingsins „Fjárhagsaðstoð í velferðarsamfélagi“. Þátttakendur voru 110 auk framsögumanna.

Ráðstefna um áhrif EES-samningsins á íslensk sveitarfélög

Í samvinnu sambandsins og utanríkisráðuneytisins var haldin ráðstefna 8. febrúar 2002 um áhrif EES-samningsins á íslensk sveitarfélög. Þátttakendur voru um 130. Á ráðstefnunni fluttu fulltrúar ráðuneyta framsögu um efnið auk tveggja erlendra fyrirlesara. Annar var forstöðumaður skrifstofu Norska sveitarfélagasambandsins í Brussel sem fjallaði um reynslu Norðmanna af EES-samningnum og hinn sérfræðingur í alþjóðadeild Sænska sveitarfélagasambandsins sem fjallaði um reynslu sænskra sveitarfélaga af aðild að ESB. Erindi þau sem flutt voru á ráðstefnunni voru gefin út og dreift til allra sveitarfélaga í landinu.

Ráðstefna um umhverfismál sveitarfélaga

Þann 8. mars 2002 var haldin ráðstefna í samvinnu við Samtök garðyrkju- og umhverfisstjóra sveitarfélaga í tilefni af 10 ára afmæli samtakanna.

Á ráðstefnunni var í fyrsta skipti leitað sérstaklega eftir viðhorfum þátttakenda til ráðstefnuhalds á vegum sambandsins. Almennir þátttakendur voru 119. Af þeim svöruðu 52% viðhorfskönnuninni og reyndust niðurstöður mjög jákvæðar. Spurningu um það hvort ráðstefnan hefði verið í samræmi við væntingar svöruðu 25% á þann veg að hún hefði verið fullkomlega í samræmi við væntingar og 72% á þann veg að hún hefði að mestu leyti verið í samræmi við væntingar. Aðspurðir um hvort svarendur muni geta nýtt

sér það sem fjallað var um á ráðstefnunni merktu 12% við fullkomlega og 69% töldu sig gera það að mestu leyti.

Ætlunin er að halda áfram að kanna viðhorf þátttakenda til þeirra ráðstefna sem sambandið stendur að.

Ráðstefna um símenntun starfsmanna sveitarfélaga

Þann 12. apríl 2002 var haldin ráðstefna um símenntun í samvinnu við BHM, BSRB, KÍ, SSSFS (Samtök stjórnenda sveitarfélaga á fjármála- og stjórnsýslusviði), kjarapróunardeild Reykjavíkurborgar og Launanefnd sveitarfélaga. Tílefni ráðstefnunnar var einkum ný ákvæði kjarasamninga um gerð símenntunaráætlana fyrir starfsmenn sveitarfélaga. Lögð var áhersla á ráðstefnunni á hagnýta umfjöllun um ýmsar hliðar símenntunarmála starfsmanna sveitarfélaga og var sérstök áhersla lögð á undirbúning símenntunaráætlana.

Ráðstefnuna sóttu um 180 manns og var gerð könnun meðal þeirra um mat á ráðstefnunni. Um 60% þátttakenda skiluðu matsblaði og var yfirgnæfandi meirihluti þeirra ánægður með ráðstefnuna og töldu flestir að þeir gætu nýtt sér efni hennar síðar meir.

Fundur um þjóðlendur

Í maí 2002 gekkst sambandið fyrir fundi þar sem fjallað var um fyrsta úrskurð óbyggðanefndar og viðbrögð einkaaðila og sveitarfélaga við honum. Einnig var gerð grein fyrir aðdraganda og markmiðum laga um þjóðlendur. Fundinn sóttu tæplega 40 manns.

Námskeið á vegum Endurmenntunarstofnunar

Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands hefur skipulagt námskeið í stjórnsýslu sem m.a. eru ætluð stjórnendum sveitarfélaga og stofnana þeirra. Sambandið á fulltrúa í hópi sem skipuleggur námið. Gert er ráð fyrir að framhald verði á þeirri starfsemi.

Aðrar ráðstefnur og námskeið

Sambandið hefur átt beina og óbeina aðild að fleiri ráðstefnum, málþingum og námskeiðum og komið að undirbúningi þeirra. Þar hafa verið flutt ávörp og erindi af hálfu sambandsins.

Samstarf við stofnanir og samtök sveitarfélaga

Lánasjóður sveitarfélaga

Á fyrsta fundi nýs fulltrúaráðs í júní 1999 kaus það fjóra menn í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga til fjögurra ára. Þeir voru Ingvar Viktorsson, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði, Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri í Borgarnesi, Ásgeir Magnússon, bæjarfulltrúi á Akureyri, og Karl Björnsson, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Árborgar. Félagsmálaráðherra, Páll Pétursson, skipaði Kristján Magnússon, fyrrverandi hreppsnefndarmann á Vopnafirði, formann stjórnarinnar til sama tíma. Á fulltrúaráðsfundi í nóvember 1999 var Kristinn Jónasson, bæjarstjóri í Snæfellsbæ, kosinn í stjórnina í stað Óla Jóns Gunnarssonar, sem lét af stjórnarsetu að eigin ósk.

Lánasjóður sveitarfélaga var settur á stofn með lögum frá 29. apríl 1966. Sjóðurinn hefur þau fjögur meginverkefni að:

- Veita sveitarfélögum stofnlán til nauðsynlegra framkvæmda eða hafa milligöngu um töku slíkra lána.
- Annast samninga við lánastofnanir um bætt lánakjör sveitarfélaga eða veita lán til greiðslu óhagstæðra lána.
- Aðstoða sveitarfélög við útvegum rekstrarlána hjá bönkum og sparisjóðum.
- Stuðla að því að sveitarfélög verði traustir og skilvísir lántakendur.

Fyrr á árum takmörkuðust lánveitingar sjóðsins við vatnsveitu-, hitaveitu-, skóla- og gatnagerðarframkvæmdir. Frá árinu 1990 hafa jafnframt verið veitt lán til skuldbreytinga, sorpeyðingarstöðva og fráveituframkvæmda.

Á árunum 1998 til 2001 tók lánasjóðurinn lán hjá Norræna fjárfestingarbankanum að fjárhæð 1.310 m.kr., sem endurlánað var til framkvæmda vegna umhverfismála og vegna efniskaupa frá öðrum norrænum ríkjum, m.a. til byggingar skólamannvirkja. Ennfremur tók hann lán hjá innlendum bankastofnunum árið 1998 að fjárhæð 367 m.kr. sem var endurlánað sveitarfélögum til skuldbreytinga á óhagstæðum lánum.

Afkoma lánasjóðsins síðustu fjögur árin hefur verið góð og var eigið fé hans 7.883,6 m.kr. í árslok 2001. Samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga fær lánasjóðurinn árlegt framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Með lögum nr. 79/1996 var lögum um tekjustofna sveitarfélaga breytt á þann veg að lögbundið framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til lánasjóðsins árin 1997 til 2002 var skert um 135 m.kr. á ári. Þeim fjármunum var ráðstafað til greiðslu

stofnkostnaðarframlaga til sveitarfélaga með fleiri en 2.000 íbúa vegna einsetningar grunnskóla. Með lögum nr. 60/2002 var lögum um tekjustofna sveitarfélaga breytt í sama tilgangi þannig að lögbundið framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til lánasjóðsins árin 2002 til 2005 verður skert um 200 m.kr. í 3 ár og 135 m.kr. árið 2005. Tekjur og ráðstöfunarfé sjóðsins hafa lækkað sem skerðingunni nemur.

Jöfnunarsjóðsframlögin hafa reynst lánasjóðnum afar mikilvæg og eiga stærstan þátt í styrki eiginfjárstöðu og uppbyggingu hans ásamt því að sveitarfélögin hafa reynst traustir lántakendur. Útlán af eigin fé sjóðsins hafa borið 4,5% ársvexti frá 1. júlí 1998. Þar við bætist verðtrygging samkvæmt vísitölu á hverjum tíma.

Hafnasamband sveitarfélaga

Hafnasamband sveitarfélaga var stofnað árið 1969 að frumkvæði Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hafnasambandið hefur aðsetur að Háaleitisbraut 11 í Reykjavík og annast skrifstofa sambandsins um starfsemi og bókhald hafnasambandsins.

Tilgangur Hafnasambands sveitarfélaga er að koma fram gagnvart ríkisvaldinu og öðrum í málum er varða hafnirnar, að efla samstarf hafnanna og að vinna að öðru leyti að hvers konar sameiginlegum hagsmunamálum þeirra, s.s. samræmingu á reglugerðum og gjaldskrá og með því að miðla reynslu og upplýsingum.

Samkvæmt lögum hafnasambandsins getur hver höfn eða hafnasamlag í eigu sveitarfélaga gerst aðili að því og nú eru aðildarhafnirnar samtals 42. Árlega er haldinn fundur með fulltrúum allra aðildarhafna, þar sem hafnasambandinu er kosin stjórn og formaður.

Á síðasta ársfundi þann í október 2001 voru eftirtalin kosin í stjórn hafnasambandsins: Árni Þór Sigurðsson, Reykjavík, formaður, Gísli Gíslason, Akraneskaupstað, Valgerður Sigurðardóttir, Hafnarfjarðarkaupstað, Brynjar Pálsson, Sauðárkrókhöfn, Björn Magnússon, Akureyrarkaupstað, Ari Jónsson, Hornafjarðarhöfn, og Ólafur M. Kristinsson, Vestmannaeyjahöfn.

Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum

Hinn 20. nóvember 1996 voru stofnuð Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum. Samkvæmt stofnskrá þeirra getur sérhvert sveitarfélag sem telur sig hafa hagsmuni af starfsemi samtakanna verið aðili að þeim. Aðildarsveitarfélög eru nú samtals 34. Samtökin hafa aðstöðu hjá sambandinu en formaðurinn

sér um rekstur þeirra með aðstoð skrifstofu sambandsins.

Tilgangur samtakanna er að:

- Vinna að lækkun orkukostnaðar til húshitunar á „köldum svæðum“.
- Stuðla að (frekari) jarðhitaleit.
- Afla og dreifa upplýsingum um orkumál til aðildarsveitarfélaga.
- Stuðla að aukinni þekkingu almennings á leiðum til orkusparnaðar.

Samkvæmt stofnskrá samtakanna skal aðalfundur þeirra haldinn í tengslum við fjármálaráðstefnu sambandsins. Fimmti ársfundur samtakanna var haldinn 10. október 2001 á Hótel Sögu í Reykjavík. Á fundinum voru eftirtalin kosin í stjórn samtakanna: Magnús B. Jónsson, sveitarstjóri á Skagaströnd, formaður, Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri í Grundarfjarðarbæ, og Ólafur Sigurðsson, bæjarstjóri á Seyðisfirði.

Auk venjulegra aðalfundarstarfa ávarpaði iðnaðarráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, fundinn. Vífill Karlsson lektor fjallaði um raforku til húshitunar í ljósi nýrra orkulaga og Þórhallur S. Bjarnason verkfræðingur flutti erindi um glatvarmavinnslu, orkusparnað og umhverfisvernd. Tvö þessara erinda voru birt í Sveitarstjórnarmálum.

Landshlutasamtök sveitarfélaga

Á kjörtímabilinu hefur stjórn sambandsins haldið reglulega fundi með formönnum og framkvæmdastjórum landshlutasamtaka sveitarfélaga í tengslum við árlega fjármálaráðstefnu sveitarfélaga. Á þessum fundum hafa m.a. verið rædd ýmis mál sem efst eru á baugi hjá landshlutasamtökunum og á vettvangi sambandsins og sveitarfélaganna á hverjum tíma.

Þá hafa formaður stjórnar sambandsins og/eða framkvæmdastjóri þess sótt velflesta aðalfundi landshlutasamtakanna á kjörtímabilinu.

Samkvæmt lögum sambandsins eiga formenn og framkvæmdastjórar landshlutasamtakanna seturétt á landsþingi og fundum fulltrúaráðs sambandsins með málfrelsi og tillögurétti og hafa þeir jafnan sótt þá fundi.

Í ágúst 2001 var komið á fót samráðshópi með fulltrúum landshlutasamtakanna og stjórnar sambandsins til þess að fjalla um samstarf sambandsins og samtakanna. Breytt kjördæmaskipan og breytingar á lögum sambandsins hafa verið þar til umfjöllunar svo og breytingar á starfsháttum og skipulagi einstakra landshlutasamtaka.

Erlend samskipti

Norrænt samstarf

Af hálfu sambandsins eru erlend samskipti fyrst og fremst fólgin í nánnum tengslum við sveitarfélagasamböndin í öðrum norrænum ríkjum. Hið norræna samstarf stendur á gömlum merg og felst m.a. í því að forustumenn norrænu sambandanna sækja landsþing hinna sambandanna. Framkvæmdastjórar norrænu sveitarfélagasambandanna halda samráðsfund einu sinni á ári og eru þeir haldnir til skiptis í löndunum fimm.

Þá hafa sviðsstjórar hag- og upplýsingasviðs, lögfræði- og kjarasviðs og þróunarsviðs sambandsins formlegt samstarf við samsvarandi svið og starfsmenn þeirra í systursamböndunum annars staðar á Norðurlöndum.

Norræna sveitarstjórnarráðstefnan

Norrænu sveitarfélagasamböndin standa sameiginlega að norrænu sveitarstjórnarráðstefnunni sem haldin er annað hvert ár til skiptis í ríkjunum. Ráðstefnan var haldin í Álasundi í Noregi 1998, þar sem rætt var um gæðastjórnun í skólastarfi og heilbrigðismálum, í Horsens í Danmörku 2000, en þar var aðalumræðuefnið gæði í stjórnun á vettvangi sveitarfélaga og í stjórnkerfi þeirra, og í Esbo í Finnlandi 2002.

Á ráðstefnunni í Esbo var fjallað um vandamál sveitarfélaga vegna aukinnar samkeppni um vinnuafll og hvernig sveitarfélögin geta aukið aðdráttaraff sitt sem vinnuveitendur. Þá var á ráðstefnunni einnig fjallað um upplýsingatækni í sveitarfélagi framtíðarinnar.

Norræn námsstefna um skólamál

Norrænu sveitarfélagasamböndin hafa tekið upp samstarf sín á milli um að efna til norrænnar námsstefnu um skólamál. Námsstefnan er ætluð forustumönnum og starfsmönnum sveitarfélaga og skólaskrifstofa, stjórnendum skóla og forustumönnum kennarasamtaka og er hún að miklu leyti byggð upp á fræðilegum fyrirlestrum um uppeldis- og skólamál. Samband íslenskra sveitarfélaga á ekki aðild að undirbúningi og framkvæmd ráðstefnunnar en samkomulag er um að hana geti sótt íslenskir þátttakendur. Sambandið hefur jafnframt lagt til þátttakendur í umræðuhópa þar sem borin eru saman skólamál á Norðurlöndum.

Fyrsta námsstefnan var haldin í Vasa í Finnlandi árið 2000 og bar hún yf-

irskriftina „Skólinn í brennidepli“ og vorið 2002 var önnur norræna skólamálanámsstefnan haldin í Bergen í Noregi. Þar var yfirskriftin „Norræna skólaleiðin: Hvað höldum við? Hvað viljum við? Hvað gerum við?“

Nú hefur verið ákveðið að slík námsstefna verði haldin árlega og hafa Danir og Svíar boðist til að standa fyrir næstu tveimur námsstefnum um skólamál á Norðurlöndum.

Norrænn byggingardagur

Sambandið á aðild að Norrænum byggingardegi (NBD) sem haldinn er árlega til skiptis á Norðurlöndunum og er helgaður skipulags- og byggingarmálum. Norrænir byggingardagar hafa verið haldnir frá árinu 1927 og er þetta samstarf því 75 ára í ár.

Norrænn byggingardagur var haldinn í Reykjavík í september 1999 og verður næst haldinn á Íslandi árið 2005

Sveitar- og héraðsstjórnarþing Evrópuráðsins

Samband íslenskra sveitarfélaga á aðild að sveitar- og héraðsstjórnarþingi Evrópuráðsins (CLRAE) sem heldur reglulega fundi í Strasbourg í Frakklandi. Þar er fjallað um hin ýmsu sameiginlegu málefni sveitarstjórna í Evrópu.

Sambandið tilnefnir þrjá sveitarstjórnarmenn til setu á fundum þingsins og formaður sambandsins á sæti í fastanefnd þingsins.

Alþjóðasamband sveitarfélaga

Sambandið er aðili að Alþjóðasambandi sveitarfélaga (IULA) en helstu markmið þess eru að styrkja sveitarfélögin sem hornstein lýðræðisins, að vera í fyrirsvari og verja hagsmuni sveitarfélaga á landsvísu og alþjóðlegum sviðum, að efla framfarir í ákvarðanatöku, stjórnsýslu og þjónustu sveitarfélaga og að styrkja og styðja upplýsingagiöf og samvinnu sveitarfélaga á alþjóðlegum grunni.

Alþjóðasambandið heldur aðalfund annað hvert ár og fjölmennar ráðstefnur í tengslum við aðalfundinn. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur ekki vegna kostnaðar sótt fundi alþjóðasambandsins nema þeir hafi verið haldnir í Evrópu

Evrópusamtök sveitarfélaga

Sambandið er aðili að Evrópusamtökum sveitarfélaga (CEMR), sem eru hags-

munasamtök evrópskra sveitarfélaga gagnvart Evrópusambandinu, en hefur ekki tekið virkan þátt í starfsemi þeirra. Frá samtökunum fást þó ýmsar upplýsingar, en með virkri þátttöku hefði sambandið möguleika á því að fylgjast á frumstigi með undirbúningi EES-löggjafar sem varðar sveitarfélögin og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

ESB - EFTA - EES

Í maí 2001 fór 16 manna hópur á vegum sambandsins til Brussel í Belgíu til þess að kynna sér starfsemi Evrópusambandsins. Í hópnum voru sveitarstjórnarmenn, starfsmenn sambandsins, félagsmálaráðuneytisins og nokkurra sveitarfélaga.

Að lokinni ferðinni var það samdóma álit þátttakenda að ferðin hafi verið fróðleg og veitt innsýn í stjórnkerfi ESB, hvað fer fram innan þess og hvernig staða sveitarfélaga á Íslandi er gagnvart því. Í framhaldinu var nokkuð rætt um með hvaða hætti sveitarfélög á Íslandi gætu staðið vörð um hagsmuni sína á grundvelli EES-samningsins og gagnvart ESB

Með þeim skipulagsbreytingum sem gerðar voru á starfsemi Sambands íslenskra sveitarfélaga á árinu 2001 var þróunarsviði sambandsins falið að vinna að því að gæta hagsmuna íslenskra sveitarfélaga gagnvart nýmælum á Evrópska efnahagssvæðinu sem áhrif geta haft á starfsemi þeirra. Þá skipaði stjórnin sérstaka EES-nefnd til þess að vera ráðgefandi á þessu sviði.

Í ársbyrjun 2002 kom utanríkisráðuneytið á fót starfshópi til þess að kanna áhrif EES-samningsins á íslensk sveitarfélög og til þess að fylgjast með þróun löggjafar innan Evrópusambandsins, sem snerta málefni sveitar- og héraðsstjórna og koma til með að falla undir ákvæði EES-samningsins, og gera stjórnvöldum grein fyrir afleiðingum hennar fyrir íslensk sveitarfélög.

Í samvinnu sambandsins og utanríkisráðuneytisins var haldin ráðstefna í mars 2002 undir heitinu „Áhrif EES-samningsins á íslensk sveitarfélög“ og er hennar getið á öðrum stað í skýrslu þessari.

Fulltrúar sambandsins sátu ráðherrafund EFTA á Egilsstöðum í júní 2002 þar sem þeir kynntu sér störf ráðgjafarnefndar EFTA. Í framhaldi af því hefur stjórn sambandsins að tillögu EES-nefndar sambandsins óskað eftir því við utanríkisráðuneytið að sambandið fái beina aðild að ráðgjafarnefnd EFTA. Nefndin er ráðgefandi aðili EFTA-samtakanna og getur fjallað um sérhvert það verkefni sem er á verksviði samtakanna og gefið fastanefnd EFTA-ríkjanna álit á öllu því sem skiptir máli fyrir framkvæmd og þróun hins evrópska efnahagssvæðis.

Samskipti við sveitarstjórnarmenn á Grænlandi

Á árinu 1998 setti stjórn sambandsins á stofn nefnd til að vinna að samskiptum sambandsins og sveitarfélaga á Íslandi við sveitarfélög á Grænlandi í samræmi við samstarfssáttmála Sambands íslenskra sveitarfélaga og Sveitarfélagasambandsins á Grænlandi (KANUKOKA) frá árinu 1996. Í samstarfssáttmálanum var gefið fyrirheit um nánara samstarf sambandanna, kjörinna sveitarstjórnarmanna og starfsmanna sveitarfélaga í löndunum tveimur.

Grænlandsnefnd sambandsins hefur á undanförunum árum tekið á móti grænenskum sveitarstjórnarmönnum og starfsmönnum sveitarfélaga í Grænlandi og skipulagt ráðstefnur þeirra og kynnisferðir hér á landi.

Í september 2002 hélt Sveitarfélagasambandið á Grænlandi ársfund sinn í Hveragerði. Í tengslum við fundinn skipulagði Grænlandsnefndin ráðstefnu um sveitarfélögin og atvinnulífið með þátttöku innlendra og erlendra fyrirlesara. Einnig gafst grænensku þátttakendunum tækifæri til að skoða allmörg atvinnufyrirtæki á Suðurlandi og á höfuðborgarsvæðinu og ræddu við fulltrúa sveitarfélaga um hlutverk þeirra og reynslu af atvinnumálum.

Á Grænlandi eru 18 sveitarfélög og hefur Grænlandsnefndin unnið að því að efla og mynda ný vinabæjatengsl milli sveitarfélaga í þessum tveimur löndum.

Samstarf við Samtök sveitarfélaga á Prince Edwards-eyju í Kanada

Í janúar árið 2000 undirrituðu formaður sambandsins og formaður Bandalags sveitarfélaga á Prince Edwards-eyju í Kanada, yfirlýsingu um samstarf sambandsins og bandalagsins. Samkvæmt henni er lýst gagnkvæmum vilja til þess að koma á skiptiheimsóknum og sameiginlegum verkefnum með þátttöku kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum og starfsmanna sveitarfélaga frá báðum eyjunum, að skiptast á upplýsingum um sveitarstjórnarmál og koma á formlegu samstarfi milli einstakra sveitarfélaga á eyjunum. Ennfremur að koma á samskiptum á sviði verslunar, menningarmála, fræðslumála og íþróttar.

Frá undirritun yfirlýsingarinnar hafa verið nokkur samskipti milli eyjanna. Frá Íslandi hafa farið sérfræðingar til þess að halda fyrirlestra um sveitarstjórnarmál og frá Prince Edwards-eyju hefur komið hópur sveitarstjórnarmanna til þess að kynna sér íslensk sveitarstjórnarmál. Þá hafa einnig komið hingað til lands hópar sveitarstjórnarmanna frá öðrum fylkjum á austurströnd Kanada.

Alþjóðasamtök sveitarfélaga sem búa við völdum náttúruhamfara og stórslysa

Á árinu 1994 voru stofnuð Alþjóðasamtök sveitarfélaga sem búa við völdum náttúruhamfara og stórslysa (LACDE). Sambandið gerðist aðili að þessum samtökum árið 1997 og á aðalfundi samtakanna í Chile í árslok 1998 var formaður sambandsins kjörinn einn af varaforsetum samtakanna.

Fjórða ráðstefna LACDE var svo haldin í Reykjavík í ágúst 2000. Hana sóttu 235 þátttakendur frá 30 löndum. Að framkvæmd ráðstefnunnar var unnið í samstarfi við umhverfisráðuneytið og Slysavarnafélagið Landsbjörg.

Árið 2001 ákvað stjórn sambandsins að taka ekki lengur þátt í störfum þessara samtaka.

Heimsóknir

Af hálfu sambandsins er tíðum tekið á móti fólki sem kemur erlendis frá og vill kynna sér starfsemi íslenskra sveitarfélaga og sambandsins. Flestar heimsóknirnar eru frá öðrum norrænum löndum. Sumir gestir eru lengra að komnir og í mars 2002 kom fimm manna sendinefnd frá Jilin-borg í Norð-Austur-Kína og var hér í heimsókn í nokkra daga. Sambandið annaðist fyrirgreiðslu fyrir hópinn en sendinefndin heimsótti einnig Austur-Hérað þar sem hún fékk góðar móttökur.

Breytingar á starfsemi sambandsins

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga samþykkti nýtt skipulag fyrir starfsemi sambandsins á 678. fundi sínum 27. apríl 2001. Hið nýja skipulag gekk í gildi 1. maí 2001 og var það grundvallað á tillögum „framfarnefndar“ sem stjórnin skipaði úr sínum hópi síðla árs 1998. Í nefndinni sátu þrír stjórnarmenn, þau Guðmundur Bjarnason, Kristján Þór Júlíusson og Sigrún Magnúsdóttir. Formaður og framkvæmdastjóri unnu með „framfarnefndinni“ og voru tillögur hennar ræddar á nokkrum fundum stjórnarinnar á starfstíma nefndarinnar.

Í aðdraganda skipulagsbreytinganna hafði verið gerð könnun meðal stjórnenda sveitarfélaga og starfsmanna sambandsins þar sem leitað var eftir viðhorfi þeirra til starfsemi sambandsins. Þar komu fram ýmis jákvæð viðhorf til starfseminnar, sem ekki verða tíunduð hér, en einnig ábendingar um hvað betur mætti fara.

Markmiðið með upptöku nýs skipulags er að gera starfsemina markvissari og skilvirkari og freista þess að vinna að úrbótum í samræmi við ábendingar þar um.

Sambandið hefur um langt árabil verið rekið í samstarfi við Lánasjóð sveitarfélaga og Bjargráðasjóð, með sameiginlegum framkvæmdastjóra og sameiginlegu skrifstofufólki að hluta og verður því samstarfi haldið óbreyttu.

Samkvæmt hinu nýja skipulagi er starfsemi sambandsins skipt upp í fjögur svið:

- Rekstrar- og útgáfusvið
- Próunarsvið
- Hag- og upplýsingasvið
- Lögfræði- og kjarasvið

Með skiptingu starfseminnar í fjögur svið hefur verið mótuð meginstefna um skiptingu verkefna milli sviða. Það fyrirkomulag kemur þó ekki í veg fyrir að verkefni flæði milli starfsmanna og sviða. Er það í raun bráðnauðsynlegt, í svo lítilli rekstrareiningu sem skrifstofa sambandsins er, að náðið samstarf sé á milli sviða og þau hafi stuðning hvert af öðru.

Sviðsstjórar á hag- og upplýsingasvið og lögfræði- og kjarasvið voru ráðnir í maí 2001 og höfðu þeir áður gegnt deildarstjórastörfum á skrifstofu sambandsins. Hinir sviðsstjórnarnir voru ráðnir að undangenginni auglýsingu og kom sviðsstjóri á rekstrar- og útgáfusviði til starfa 1. ágúst 2001 og sviðsstjóri á próunarsviði 1. október 2001. Með því var hið nýja skipulag loks að fullu komið til framkvæmda.

Framkvæmdastjóri og sviðsstjórar hófu þá innleiðingu og framkvæmd nýs skipulags, með reglulegum fundum og skiptingu verkefna, með breytingu á bókhaldi og framsetningu fjárhagsáætlunar og með gerð starfsáætlunar, þar sem mörkuð var stefna um starfsemina á árinu 2002.

Tilgangurinn með skipulagsbreytingunum er


- að gera starfsemina markvissari og skilvirkari;
- að gera breytingar á útgáfumálum, upplýsingastarfsemi og rekstri;
- að fylgjast betur með ýmsum nýmælum á sviði sveitarstjórnarmála innanlands og utan og miðla upplýsingum þar um;
- að efla hagsmunagæslu fyrir sveitarfélögin.

Þær skipulagsbreytingar sem gerðar voru hafa eflt sambandið og gert það hæfara til að gegna sínu margháttða hlutverki.

Á fundi stjórnar sambandsins 6. september sl. var framkvæmdastjóra falið

að undirbúa skiptingu lögfræði- og kjarasviðs og vinna að stofnun sérstaks kjarasviðs. Tíefni þeirrar breytingar er verulega aukið umfang í starfsemi Launanefndar sveitarfélaga en skrifstofa sambandsins annast margvísleg verkefni fyrir nefndina við gerð kjarasamninga, túlkun þeirra og ráðgjöf við sveitarfélög í starfsmannamálum.

Leitast hefur verið við að laga starfsemi sambandsins að brýnustu viðfangsefnum og þörfum að teknu tilliti til tekna þess og afkomu á hverjum tíma.



- Meginhlutverk rekstrar- og útgáfusviðs er að sinna stoðþjónustu við önnur svið sambandsins, annast rekstur sambandsins og samstarfsstofnana þess og sjá um útgáfumál, þ. á m. heimasíðu.
- Meginhlutverk þróunarsviðs er nýsköpunar- og þróunarvinna á sviði sveitarstjórnarmála og opinberrar stjórnsýslu. Sviðið skal vinna að framþróun og nýsköpun í stjórnsýslu og þjónustu íslenskra sveitarfélaga, stuðla að því að íslenskir sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga verði hæfari til þess að takast á við verkefni sveitarfélaga í síbreytilegu umhverfi, vinna að því að gæta hagsmuna íslenskra sveitarfélaga gagnvart nýmælum á Evrópska efnahagssvæðinu sem áhrif hafa á starfsemi þeirra og hafa umsjón með erlendum samskiptum sambandsins.
- Meginhlutverk hag- og upplýsingasviðs er upplýsingaöflun, úrvinnsla, miðlun og útgáfa á rekstrar-, efnahags- og hagrænum upplýsingum úr

starfsemi sveitarfélaganna til notkunar á samanburði milli sveitarfélaga og hagsmunagæslu fyrir þau.

- Meginhlutverk lögfræði- og kjarasviðs er þjónusta og hagsmunagæsla fyrir sveitarfélögin á sviði lögfræði- og kjaramála.

Starfsmenn sambandsins

Starfsmenn á skrifstofu sambandsins og samstarfsstofnana þess, Lánasjóðs sveitarfélaga og Bjargráðasjóðs voru 17 í 16,4 stöðugildum í ágúst 1998 en í ágúst 2002 voru starfsmennirnir 20 í 18,5 stöðugildum.

Nokkrar breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi sambandsins á kjörtímabilinu en fyrir þeim hefur verið gerð grein í skýrslum til fulltrúaráðsfunda sambandsins ár hvert.

Starfsmenn sambandsins í ágúst 2002

Framkvæmdastjóri

Þórður Skúlason

Hag- og upplýsingasvið

Gunnlaugur A. Júlíusson sviðsstjóri
Jóhannes Á. Jóhannesson iðnaðartæknifræðingur

Lögfræði- og kjarasvið

Sigurður Óli Kolbeinsson sviðsstjóri
Berglind Eva Ólafsdóttir starfsmatsráðgjafi
Guðfínnur Þór Newman viðskiptafræðingur
Jón Jónsson lögfræðingur
Kristinn Kristjánsson deildarstjóri

Próunarsvið

Anna Guðrún Björnsdóttir sviðsstjóri

Rekstrar- og útgáfusvið

Magnús Karel Hannesson sviðsstjóri
Bára M. Eiríksdóttir bókarí
Birgir L. Blöndal deildarstjóri
Ingibjörg Hinriksdóttir þjónustufulltrúi
Jónína Eggertsdóttir gjaldkeri
Ragnheiður Snorradóttir ritari
Ragnhildur Hannesdóttir ritari
Rannveig Hrönn Harðardóttir, ræstingar
Sigríður I. Sturludóttir ritari
Sólveig Pálsdóttir ritari
Unnar Stefánsson ritstjóri

Húsnæði

Á árinu 2000 var unnið að endurbótum á húsnæði sambandsins og samstarfsstofnana þess á 2.-4. hæð Háaleitisbrautar 11 í Reykjavík. Fundarsalur stjórnar sambandsins var fluttur af þriðju hæð á þá fjórðu og salurinn búinn nýjum húsgögnum og árinu 2001 var keyptur fjarfundabúnaður og settur upp

í stjórnarherberginu. Jafnframt var útbúið fundarherbergi fyrir 6-8 manns á fjórðu hæð. Skipt var um gólfefni á öllum hæðum.

Haustið 2001 var sett upp skilti með nafni sambandsins og merki þess við innkeyrslu að Háaleitisbraut 11 og skipt var um fánastangir. Þá var húseignin að Háaleitisbraut 11-13 máluð að utan sumarið 2002 og ýmsu öðru viðhaldi hússins að utanverðu sinnt.

Ársreikningar

Sambands íslenskra sveitarfélaga

1998-2001

Samkvæmt lögum Sambands íslenskra sveitarfélaga skal á mars/apríl-fundi fulltrúaráðs sambandsins leggja fram ársreikninga þess fyrir næstliðið reikningsár. Reikningarnir skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og kjörnum skoðunarmönnum og samþykktir af stjórn sambandsins. Fjárhagsnefnd fulltrúaráðs yfirfer reikningana og fulltrúaráðið úrskurðar þá.

Ársreikningar sambandsins fyrir árið 1998, 1999, 2000 og 2001 hafa samkvæmt þessu verið lagðir fram á árlegum fundum fulltrúaráðsins að vori.

Kjörnir endurskoðendur sambandsins á kjörtímabilinu hafa verið Gunnar Valur Gíslason, sveitarstjóri Bessastaðahrepps, og Helga Jónsdóttir, borgarritari í Reykjavík, og til vara Sigurrós Þorgrímsdóttir, bæjarfulltrúi í Kópavogsbæ, og Tryggvi Harðarson, bæjarfulltrúi í Hafnarfjarðarkaupstað.

Löggiltir endurskoðendur hafa verið Guðmundur Friðrik Sigurðsson og síðar Halldór Hróarr Sigurðsson frá KPMG Endurskoðun hf.

Tekjur sambandsins koma að meginhluta til frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, en samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga fær sambandið 1,58% af almennum tekjum sjóðsins, öðrum en vaxtatekjum og tekjum hans til sérgreindra verkefna. Sambandið hefur að auki tekjur af seldri þjónustu. Þær tekjur koma m.a. af vaxtatekjum af óskiptu staðgreiðslufé vegna þess hlutverks sem sambandið hefur varðandi eftirlit með staðgreiðslunni, þjónustu við Hafnasamband sveitarfélaga og sveitarfélögin standa að megninu til undir kostnaði við kjarasamningagerð og rekstri Launanefndar sveitarfélaga.

Afkoma sambandsins hefur versnað hin síðari ár. Ástæðan er fyrst og fremst aukinn rekstrarkostnaður sem leitt hefur af auknum umsvifum og breytingum sem gerðar hafa verið á starfseminni.

Rekstrarreikningur 1998 til 2001

Í þús. kr. á verðlagi hvers árs

	2001	2000	1999	1998
Rekstrartekjur:				
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	105.368	101.145	85.922	80.900
Seldar vörur og þjónusta	15.887	16.420	16.694	15.114
Aðrar tekjur	7.800	4.813	4.813	5.380
	<u>129.055</u>	<u>122.378</u>	<u>107.428</u>	<u>101.394</u>
Rekstrargjöld:				
Laun og launatengd gjöld	60.065	50.627	45.634	40.848
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	9.945	4.978	6.533	4.839
Annar rekstrarkostnaður	65.408	62.485	49.046	50.076
Afskriftir	1.544	1.421	1.364	1.292
	<u>136.962</u>	<u>119.511</u>	<u>102.577</u>	<u>97.055</u>
Rekstrarafkoma ársins (neikvæð)	<u>(7.907)</u>	<u>2.867</u>	<u>4.852</u>	<u>4.339</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Vaxtatekjur	784	2.594	3.987	3.894
Vaxtagjöld	(423)	(517)	(349)	(1.075)
Arður	8	4	6	6
Lækkun sjóða í fjárvörslu	(1.283)	(5.499)		
Reiknuð færsla vegna verðbreytinga	(1.010)	(461)	(324)	66
	<u>(1.924)</u>	<u>(3.879)</u>	<u>3.321</u>	<u>2.892</u>
Afkoma ársins (neikvæð)	<u><u>(9.831)</u></u>	<u><u>(1.012)</u></u>	<u><u>8.172</u></u>	<u><u>7.231</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember ár hvert

Í þús. kr. á verðlagi hvers árs

	2001	2000	1999	1998
Eignir				
Fastafjármunir:				
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Fasteign	45.006	42.859	42.504	41.538
	<u>45.006</u>	<u>42.859</u>	<u>42.504</u>	<u>41.538</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:				
Hlutabréfaeign	89	82	79	63
Bundnar bankainnistæður	41.123			
Fjárvörslureikningur	46.937	48.217	43.716	
	<u>47.026</u>	<u>48.299</u>	<u>43.795</u>	<u>41.185</u>
Fastafjármunir	<u>92.032</u>	<u>91.159</u>	<u>86.299</u>	<u>82.723</u>
Veltufjármunir:				
Óinnheimtar tekjur	7.909	9.703	13.076	5.279
Ýmsar skammtímakröfur	26.973	6.601	9.215	7.527
Lánasjóður sveitarfélaga	3.528			
Handbært fé	26.000	21.592	19.642	16.790
Veltufjármunir	<u>60.883</u>	<u>41.424</u>	<u>41.932</u>	<u>29.596</u>
Eignir samtals	<u>152.915</u>	<u>132.583</u>	<u>128.231</u>	<u>112.319</u>
Skuldir og eigið fé				
Eigið fé:				
Eiginfjárreikningur	49.550	54.673	53.445	42.602
Langtímaskuldir:				
Eftirlaunaskuldbindingar	70.740	60.795	55.817	49.284
Skammtímaskuldir:				
Viðskiptaskuldir	6.803	6.980	3.458	5.064
Lánasjóður sveitarfélaga	14.832	7.917	10.879	
Aðrar skammtímaskuldir	11.490	10.135	7.594	4.490
	<u>32.625</u>	<u>17.115</u>	<u>18.970</u>	<u>20.433</u>
Skuldir samtals	<u>103.365</u>	<u>77.910</u>	<u>74.787</u>	<u>69.717</u>
Skuldir og eigið fé samtals	<u>152.915</u>	<u>132.583</u>	<u>128.231</u>	<u>112.319</u>

Yfirlit um sjóðstreymi 1998 til 2001

Í þús. kr. á verðlagi hvers árs

	2001	2000	1999	1998
Rekstrarhreyfingar:				
Afkoma ársins	(9.831)	(1.012)	8.172	7.231
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Afskriftir	1.544	1.421	1.364	1.293
Reiknaðar færslur vegna verðbreytinga	1.010	461	324	(66)
Hækkun eftirlaunaskuldbindinga	9.945	4.978	6.533	4.839
Lækkun sjóða í fjárvörslu	1.283	5.499		
	<u>3.951</u>	<u>11.347</u>	<u>16.393</u>	<u>13.296</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:				
Skammtímakörfur, lækkun (hækkun)	(15.050)	2.458	(9.484)	14.743
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)	15.510	(1.855)	(1.464)	4.051
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	<u>460</u>	<u>603</u>	<u>(10.948)</u>	<u>18.794</u>
	<u>4.411</u>	<u>11.950</u>	<u>5.445</u>	<u>32.091</u>
Fjárfestingarhreyfingar:				
Fjárvörslureikningur, hækkun	(3)	(10.000)	(2.593)	(41.123)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	4.408	(1.950)	2.852	(9.033)
Handbært fé í ársbyrjun	21.592	19.642	16.790	25.823
Handbært fé árslok	26.000	21.592	19.642	16.790

